

Innflutningsskýrsla- Leiðbeiningar

Leiðbeiningar um notkun sameiginlegs tollskýrslueyðublaðs Evrópska efnahagssvæðisins EES og fleiri ríkja vegna innflutnings.

Um rafræna tollskýrslu í innflutningi gilda í megin atriðum sömu leiðbeiningar.

Inngangur

Í því skyni að auðvelda, einfalda og efla viðskipti milli ríkja á Evrópska Efnahagssvæðinu, EES, og fleiri ríkja hafa þau sammælt um notkun samræmds eyðublaðs við tollskýrslugerð, á ensku kallað Single Administrative Document SAD. Þetta skjal, SAD tollskýrslu, á að nota við tollafgreiðslu vegna útflutnings, umflutnings og innflutnings. Hingað til hefur verið notað tollskýrslueyðublaðið E.1 í innflutningi. Gert er ráð fyrir að frá og með 01.10.2021 verði SAD tollskýrslueyðublaðið E-2. eingöngu notað við innflutning eins og þegar er gert vegna útflutnings. Ákvörðun aðila að samkomulaginu hefur það markmið að samræma, staðla og einfalda formsatriði við tollafgreiðslu og í viðskiptum milli þeirra landa sem hafa tekið upp SAD tollskýrsluna.

Reitir eyðublaðsins eiga að veita í megin atriðum sömu upplýsingar í öllum aðildarríkjunum Evrópska efnahagssvæðisins EES.

Eyðublaðið E-2 fæst hjá Skattinum eða er hægt sækja og prenta út af vef embættisins: <https://skatturinn.is>

Almennar leiðbeiningar um notkun SAD-tollskýrslu við innflutning hér á eftir nefnd innflutningsskýrsla.

Leiðbeiningarnar **gilda um allar tegundir tollafgreiðslu, sbr. reit 1.2, nema einfaldari tollskýrslu (teg. EE í reit 1.2)** vegna innflutnings sem nýtur tollfrelsis. Leiðbeiningar um hana er í framhaldi af þessum almennu leiðbeiningum um innflutningsskýrslu.

Áður en vörur eru afhentar viðtakanda eða umboðsmanni hans til ráðstöfunar, hér á eftir kallaður skýrslugjafi, verður hann að afhenda Skattinum fullfrágengna innflutningsskýrslu og er hún einnig notuð við tollafgreiðslu á vörum í tollvörugæmslum, forðageymslum, bráðabirgðaafgreiðslu o.s.frv.

Ógreinilega eða ranglega útfyllt innflutningaskýrsla mun óhjákvæmilega hafa í för með sér tafir við tollafgreiðslu og kalla á leiðréttingar.

Tollafgreiðsla vöru/fylgiskjöl

Auk innflutningaskýrslu á pappír skal leggja fram eftirtalin gögn í einriti:

- **Vörureikning** eða jafngilt skjal, t.d. ljósrit af vörureikningi.
- **Farmbréf** eða undirframbréf eða flutningsskjal sem gefið er út í tengslum við flutning varanna.
- **Flutningsgjaldsreikning/tilkynningu** frá farmflytjanda, sér eða í sameinuðu formi við farmbréf.
- **Leyfi, vottorð eða heimildir** vegna vara sem háðar eru innflutningstakmörkunum.
- **Önnur skjöl** sem Skatturinn telur nauðsyn á að lögð séu fram m.a. til að ákvarða tollflokkun þeirra, þyngd magn eða verð. Slík gögn eru t.d. „próforma/commercial“ – reikningur til viðmiðunar um tollverð, verðlisti, bæklingar um viðkomandi vöru, niðurstöður rannsóknastofa um eðli og samsetningu vöru, samningar (m.a. leigu- og kaupsamningar).
- **Upprunasönnun**. Sé óskað tollaívilnunar vegna innflutnings samkvæmt milliríkjasamningum skal leggja fram viðeigandi upprunasönnun.
- Ef um **leiðréttingu** er að ræða á áður tollafgreiddri skýrslu skal sent með fylgiskjal sem útskýrir ástæðu leiðréttingar, í hverju hún felst og jafnframt getið um nr. leiðréttingarí þriðja hluta reits 1 (1.3)

Annað

- **Þegar vörur eru endurinnfluttar eftir viðgerð eða aðra aðvinnslu** skal í reit 44 á innflutningsskýrslu veita upplýsingar um tegund, magn og verðmæti við útflutning með því að vísa í sendingarnúmer við útflutning vörunnar. Að því er varðar vörur sem hlotið hafa einhverja aðvinnslu skal veita upplýsingar um það hvers konar aðvinnslu varan hefur hlotið sbr. lykla reit í 37.
- Þegar um er að ræða sendingu **verðlausa til tolls, t.d. sýnishorn, gjafir eða búslóð** vísast til leiðbeininga um gerð innflutningsskýrslu vegna slíkra sendinga hér á eftir almennum leiðbeiningum
- **Bráðabirgðatollafgreiðsla**. Liggja fullnægjandi gögn ekki fyrir við tollafgreiðslu getur innflytjandi í sérstökum tilvikum og með vissum skilyrðum fengið vöruna afhenta en um slíka bráðabirgðatollafgreiðslu gilda sérstakar reglur. Ef um bráðabirgðatollafgreiðslu er að ræða sbr. merkingu í reit 1.2 skal fylla skýrslu út eins og um venjulega innflutningsskýrslu sé að ræða að því marki sem mögulegt er og áætla upplýsingar í þeim reitum þar sem upplýsingar liggja ekki fyrir samkvæmt því sem best er vitað. Ástæðu fyrir beiðni um bráðabirgðaaafgreiðslu skal tilgreina í fylgiskjali með innflutningsskýrslu eða hún kemur fram í öðrum fylgiskjöllum. Við uppgjör bráðabirgðaskýrslu skal fylla út alla reiti samkvæmt almennum leiðbeiningum.

Innflutningsskýrslu skal almennt skila rafrænt. Einstaklingum er þó heimilt að skila inn á pappír innflutningsskýrslu sem hefur verið fyllt út á form eyðublaðsins sem hægt er að sækja á skatturinn.is eða handskrifuð með blokkskrift á eyðublaði sem Skatturinn lætur í té.

Tölvuvinnsla tollskjala er við það miðuð að Skatturinn reikni út í tölvukerfi tollsins tollverð og þau gjöld, sem kunna að falla á vöru við innflutning og erlendar fjárhæðir eru umreiknaðar miðað við tollafgreiðslugengi sem í gildi er á hverjum tíma. Innflytjandi þarf því hvorki að færa inn tollgengi né umbreyta erlendum fjárhæðum eða reikna út aðflutningsgjöld frekar en hann vill. Til samanburðar við álagningu og útreikning Skattsins er þó mælt með að innflytjendur reikni sjálfir út aðflutningsgjöldin en hafa þó í huga að tollgengi getur breyst og þar með álögð gjöld.

Rafræn tollskýrsla vegna innflutnings, hér á eftir nefnd SMT-innflutningsskýrsla, (SMT er skammstöfun á Skjalaskipti Milli Tölva, á ensku Electronic Data Interchange EDI), inniheldur sömu reiti til útfyllingar og skrifleg. Sama gildir um VEF-innflutningsskýrslu. Nokkur frávik eru þó sem hafa verið í huga þegar SMT-innflutningsskýrsla er gerð (sjá bls. 22).

Eingöngu þeim sem eru með færri en 12 innflutningsskýrslur á ári er heimilt að senda inn tollskýrslur á pappír sbr. 25 gr. reglugerðar 1100/2006

Ef leiðrétt þarf innflutningsskýrslu sem hlotið hefur fullnaðartollafgreiðslu og án tillits til þess hvort um VEF/SMT-innflutningsskýrslu eða innflutningsskýrslu á pappír er að ræða, ber innflytjanda að afhenda/sendu Skattinum leiðrétt innflutningsskýrslu ásamt fylgiskjölum, nema fullnægjandi fylgiskjöl hafi þegar verið afhent Skattinum og/eða hann geri ekki sérstaklega kröfu til framlagningar þeirra. Þegar SMT/VEF- skýrsla er leiðrétt er það gert rafrænt og þá er jafnframt hægt að senda inn rafrænt fylgiskjöl sem tengjast leiðréttingunni. Sama gildir einnig ef kallað er eftir fylgiskjölum meðan tollafgreiðsla fer fram.

Við SMT-tollafgreiðslu eru leiðréttingar á innflutningsskýrslu gerðar með nýrri SMT-innflutningsskýrslu hafi fullnaðartollafgreiðsla ekki farið fram, þ.e. afhendingarheimild ekki verið veitt.

Leiðrétt skýrsla skal fyllt út með venjulegum hætti eins og kveðið er á um útfyllingu einstakra reita hér á eftir en þó skal dagsetning í reit 54 vera leiðréttingardagur hennar.

Ofgreidd eða vangreidd gjöld eru staðgreidd eða skuldfærð eftir atvikum.

Aðeins skal að fylla út þá reiti sem útskýrðir eru í leiðbeiningunum hér á eftir. Reitir 1 – 30 og 48 -54 gilda um alla sendinguna en reitir 31- 47 gilda aðeins um stakan vöru-lið (tollskrárnúmer).

Ef vörur í sendingu flokkast í fleiri en eitt tollskrárnúmer ber að nota framhaldseyðublað E-2.

Framhaldseyðublað er fyllt út í samræmi við leiðbeiningar sem almennt gilda um einstaka númeraða reiti. Hvert framhaldseyðublað rúmar 3 tollflokka og þeir sem ekki eru notaðir eru yfirstrikaðir.

Leiðbeiningar um útfyllingu einstakra reita innflutningsskýrslu (ebl. E-2.1 og E -2.2)

Eftirfarandi reglur gilda um útfyllingu einstakra reita og lína innflutningsskýrslu hvort sem um er að ræða pappír eða SMT/VEF-innflutningsskýrslu. Skýringum við reiti er skipt í tvo hluta. Annars vegar er gerð grein fyrir í þessum leiðbeiningum hvaða upplýsingar eiga að vera í reitnum og hins vegar skýrt út á hvaða formi upplýsingar í reitnum eiga að vera (gerð/stærð svæðis) í sérstöku fylgiskjali vegna SMT-tollafgreiðslu, sjá á vefsíðu: https://skatturinn.is/media/annad/Samraemingarskjal_reitir-skyrslu.pdf

Við útfyllingu einstakra reita innflutningsskýrslu, eins og nánar er lýst hér á eftir, ber í ýmsum tilvikum að nota lykla. Þar sem þeirra er ekki sérstaklega getið hér á eftir er þá að finna á vefsíðu Skattsins: <https://skatturinn.is/lyklar/>

Reitur 1 Skýrsla

Í þessum reit er tegund tollafgreiðslu gefin til kynna, þ.e. hvers konar tollafgreiðslu innflytjandi óskar eftir hjá Skattinum eða aðila sem leyfi hefur til pósthlutninga

1. hluti:

Skráið **EU** vegna innflutnings vöru frá EFTA eða ESB landi. (Landalykill: Sjá vefsíðu Skattsins <https://skatturinn.is/lond/>)
Skráið **IM** við innflutning frá landi sem ekki er EFTA, ESB eða EES land (þriðja lands innflutningur).

2. hluti:

Skráið inn tegund tollafgreiðslu sendingar í samræmi við eftirfarandi lykla:

AL – Almenn tollafgreiðsla, þ.m.t. póstafræðsla.

EE – Einfaldari innflutningsskýrslur sem njóta tollfrelsis (sjá nánar í sérleiðbeiningum um þær hér á eftir).

HS – Hraðsendingar

TB – Tollband – endursala úr tollvörugeymslu og forðageymslu

TE – Innsetning á eldsneyti í tollvörugeymslu

BU – Úttekt á eldsneyti úr tollvörugeymslu

TO – Innsetning í tollvörugeymslu

TU – Úttekt úr tollvörugeymslu

TM – Milliflutningur (tollvörugeymslur/forðageymslur)

TV – Innsetning í tollfrjálsa verslun

TS – Úttekt úr tollfrjálsri verslun

FR – Innsetning á frísvæði (ekki notað)

FU – Úttekt af frísvæði (ekki notað)

TF – Innsetning í tollfrjálsa forðageymslu

TT – Almenn úttekt úr tollfrjálsri forðageymslu

BB – Bráðabirgðaafgreiðsla v/tímabundins innflutnings

BC – Bráðabirgðaafgreiðsla v/tímabundins ATA- CARNET

- BF** – Bráðabirgðaaufgreiðsla v/ferðamannabíla
- BL** – Bráðabirgðaaufgreiðsla v/leigu
- BN** – Bráðabirgðaaufgreiðsla v/neyðarleyfis
- BT** – Bráðabirgðaaufgreiðsla v/umflutnings (transit)
- BV** – Bráðabirgðaaufgreiðsla þegar skjöl vantar
- BO** – Bráðabirgðaaufgreiðsla vegna eldsneytis

Ekki er gert ráð fyrir að allar afgreiðslutegundir verði innleiddar í veltollafgreiðslukerfið.

3 hluti:

Færið hér inn númer afgreiðslu innflutningsskýrslunnar.

Dæmi: *Fyrsta afgreiðsla skýrslu fær númerið 01. Leiðrétting á þegar tollafgreiddri skýrslu fær 02 o.s.frv. Útskýra skal ástæðu leiðréttingar í fylgiskjali með leiðréttingarskýrslu.*

Reitur 2 Sendandi/útflytjandi

Skráið nafn, heimilisfang þ.e. gata, borg, land, póstnúmer og jafnframt númer viðurkennds rekstraraðila, (trader identification number, t.d. EORI númer/AEO nr. - á Íslandi nefnt VRA nr.) sem er skráningarnúmer seljanda eða sendanda gefið af erlendum tollýfirvöldum, ef það er fyrir hendi. Ef sendingin nær yfir fleiri seljendum og um pappírsskýrslu er að ræða skal skrá nöfn og heimilisföng þeirra í lista sem fylgir sem fylgiskjal með skýrslunni og skrá jafnframt í reitinn „sjá meðfylgjandi lista“.

Reitur 3 Eyðublað

Ef sendingin nær aðeins yfir eitt tollskrárnúmer (vörulið) þarf ekki að fylla út reitinn. Í því tilviki er talan 1 sett í reit 5. Ef um fleiri tollskrárnúmer er að ræða er notað framhaldseyðublað E-2.2 og nær hvert þeirra yfir 3 tollskrárnúmer. Í því tilviki er skráð númer hvers eyðublaðs þannig: Ef notað er eitt eyðublað og tvö framhaldseyðublað, t.d. 7 tollskrárnúmer, setjið þá 1 í fremri hluta og 3 í aftari á E-2.1, 2 í fremri og 3 í aftari hluta á fyrsta E-2.2 og 3 í fremri og 3 í aftari hluta á næsta E-2.2 framhaldsblað. Ekki fyllt út í SMT/VEF innflutningsskýrslu.

Reitur 4

Ekki notaður

Reitur 5 Vöruliðir

Færið hér inn heildarfjölda vöruliða (tollskrárnúmera) sem vörusendingin flokkast undir og gerð er grein fyrir á eyðublaðinu og tilheyrandi framhaldsblöðum. Flokkun í sama tollskrárnúmer getur komið fyrir oftast en einu sinni ef sundurgreina þarf t.d. vegna upprunlands, gjaldtöku, undanþágu eða af öðrum ástæðum og fjölgar því sundurliðun í

vöruliði á skýrslu í samræmi við það. Fjöldi vöruliða (tollskrárnúmera) á að stemma við heildatölu vöruliða sem skráðir eru í reit 31-47 sem eru á aðal- og framhaldsskýrslum (sjálfvirkt í vef tollafgreiðslukerfi).

Reitur 6 Stykkjatala (Fjöldi umbúðaeininga)

Færið inn fjölda umbúðaeininga (colli) í sendingunni sbr. upplýsingar á farmbréfi. Ef varan er án umbúða er stykkjatala notuð. Ef vara er í lausu (bulk), sbr. einnig reit 31, reiknast hún sem 1 umbúðaeining.

Reitur 7 Tilvísunarnúmer

Reit þennan skulu bókhaldskyld fyrirtæki, tollmiðlarar og SMT leyfishafar nota fyrir tilvísunarnúmer í bókhaldi sínu, þannig að finna megi viðkomandi innflutningsskýrslu og fylgiskjöl sem innflytjandi/skýrslugjafi á að varðveita. Númerið skal vera í töluröð og einkvæmt og helst auðkennt árinu. Að öðru leyti má leyfishafi ákveða útfærslu númerans. Leyfishafi ábyrgist að nota uppgefið tilvísunarnúmer í SMT/VEF-innflutningsskýrslu svo starfsmenn Skattsins geti án fyrirvara fundið tollskjöl yfir viðkomandi vörusendingu eða póstsendingu í tölvukerfi og bókhaldi hans vegna athugunar á tollskjöllum sem þau kunna að gera hjá leyfishafa á meðan eða eftir að SMT/VEF-tollafgreiðsla hefur átt sér stað.

Reitur 8 Viðtakandi (Innflytjandi)

Færið inn kennitölu nafn, heimilisfang, virðisaukaskattsnúmer, netfang og símanúmer innflytjanda/eiganda varanna (skýrslugjafa) sbr. reikning og farmbréf. Ef innflytjandi/eigandi hefur ekki kennitölu er skráð 000000-0000 að viðbættum ofangreindum upplýsingum ef fyrir hendi (sjálfvirkt á vef).

Reitur 9 Ábyrgðaraðili greiðslu

Þessi reitur er eingöngu fylltur út af tollmiðlara. Tollmiðlari getur óskað eftir því í innflutningsskýrslu að aðflutningsgjöld verði skuldfærð á innflytjanda enda hafi hann til þess umboð eða skuldfært sé á tollmiðlarann sjálfan. Hér skal tollmiðlari færa inn kennitölu þess sem á að skuldfæra aðflutningsgjöldin á þ.e. viðtakanda/innflytjanda (reitur 8) eða skrá sína eigin kennitölu (sbr. reit 14).

Reitur 10

Ekki notaður

Reitur 11 Viðskiptaland

Færið inn lykil hlutaðeigandi viðskiptalands í fremri hluta reitsins (land sem tekur á móti greiðslu) í samræmi við yfirlit um lykla sem ber að nota við gerð innflutningsskýrslu. <https://skatturinn.is/lond/>. Seinni hluti er ekki notaður.

Reitur 12 Verðmætis upplýsingar

Í þessum reit er gerð grein fyrir hvort um sé að ræða tollskyldan kostnað sem telst til tollverðs, þ.e. flutningsgjald, váttryggingu og annan kostnað, sem er til viðbótar vöruverði eins og það er tilgreint í reikningi óháð kaupskilmálum hans sbr. upphæð skráða í reit 22 . Á

Þetta jafnt við um kostnað sem tilgreindur er á tilkynningu farmflytjanda og/eða sérstaklega í vörureikningi/reikningum til viðbótar vöruverði. Vöruverðið eins og það er tilgreint með leyfðum afslætti, óháð kaupskilmálum er skráð í reit 22. Saman mynda reitur 22 og reitur 12 tollverð sem er heildarverð vöru með öllum kostnaði komin til Íslands.

Skrá skal kostnaðinn í þeirri mynt sem hann er greiddur með 3 stafa myntlykli á undan upphæð kostnaðar, (t.d. GBP 12345,67 ef greitt í pundum eða ISK 123456 ef greitt í íslenskum kr.). Nota skal reit **B** ef það eru margir kostnaðarliðir og komast ekki fyrir í reit 12 (á aðeins við um pappírsskýrslu).

Setja skal **FG** fyrir framan flutningskostnað, **AK** fyrir framan eftirkröfu eða annan kostnað og **V1** fyrir % tryggingu en **V2** fyrir fjárhæð tryggingar. Dæmi: flutningskostnaður greiddur í pundum, FG GBP 1234,45, eftirkrafa greidd í kr. AK ISK 123, váttrygging samkvæmt skilmálum V1 1%. Ef kostnaður er ekki fyrir hendi skal samt skrá kostnaðarlykil, mynt og fjárhæð 0. Sjá dæmi á bls. 25. Í SMT innflutningsskýrslu er aðeins notuð upphæð fyrir tryggingu og % trygging því breytt í upphæð og skráð í ISK.

Liggi flutningskostnaður ekki fyrir skal hann ákveðinn með tilliti til flutningskostnaðar vegna samskonar eða hliðstæðrar vöru. Váttryggingarkostnað sem greiddur hefur verið vegna flutnings vörunnar til landsins skal rita með mynt og upphæð váttryggingar eða gefa upp prósentu, ekki hvoru tveggja. Liggi váttryggingarkostnaður ekki fyrir og ekki er sýnt fram á annað skal hann reiknaður sem hlutfall af vöruverði að viðbættum flutningskostnaði og öðrum kostnaði, 2% af gleri, 1,5% af bifreiðum og 1% af öllum öðrum innflutningi. Það nægir að skrá prósentutöluna í fremri hluta, t.d. 2% af gleri, 1,5% af bifreiðum og 1% af öllum öðrum innflutningi.

Reitur 13 Heildar brúttóþyngd sendingar

Færið inn heildar brúttóþyngd sendingar í heilum kg. Hér má þyngd minnst vera 1. kg. Sjá nánar í reit 35 vegna reglna um brúttópunga vöruliða.

Reitur 14 Skýrslugjafi/umboðsaðili

Ef skýrsla er gerð af tollmiðlara eða rekstraraðila tollvörugeymslu eða frísvæðis er fært inn nafn, kennitala, símanúmer, heimilisfang og virðisaukaskattsnúmer. Sé skýrslugjafi og viðtakandi í reit 8 einn og sami aðilinn skal reitur 14 vera auður nema það sé tollmiðlari þá er nafnið skráð í báða reiti.

Reitur 15

Ekki notaður

Reitur 15 c Lykill sendingarlands/útflutningslands

Færið inn lykil viðkomandi lands í **a hluta** reitsins, b hluti er ekki notaður. Með sendingarlandi er átt við landið þaðan sem vörunnar eru sendar til Íslands. (Umskipun á leiðinni breytir ekki viðskiptasambandi). Sjá vef Skattsins: <https://skatturinn.is/lond/>

Reitur 16, 17

Ekki notaðir

Reitur 18 Auðkenni og þjóðerni flutningsfars við komu (Sendingarnúmer).

Í þennan reit skal setja sendingarnúmer farmflytjanda. Um er að ræða sendingarnúmer sem farmflytjandi gefur sendingu og fram kemur á flutningsgjaldsreikningi eða tilkynningu farmflytjanda. Sendingarnúmerið er 19 stafa sbr. eftirfarandi lýsingu:

A-BBB-CCCC-D-EE-FFF-GGGG-H

- A Farmflytjandi.** Hvert skipafélag eða flugfélag hefur ákveðið ták. Smærri farmflytjendur (t.d. fiskiskip) eru nokkrir saman um ták.
- BBB Flutningsfar.** Skammstöfun fyrir flutningsfar.
- CCCC Komudagur.** Fyrstu tveir bókstafirnir standa fyrir viðkomandi dag í mánuði en tveir síðustu fyrir mánuðinn.
- D Ár.** Síðasti stafur ártals.
- EE Hleðsluland.** Lykill hlutaðeigandi lands.
- FFF Hleðslustaður.** Lykil hlutaðeigandi hleðslustaðar.
- GGGG Númer sendingar** (farmskránumer vegna skipsfarms en innfærslunúmer í innfærslubók flugfélaga). Töluröð innan hleðslustaðar fyrir hverja ferð.
- H** Vartala til prófunar, **færst ekki inn á skýrslu.**

Sendingarnúmer póstsendinga er líka 19 stafa númer eins og almenna sendingarnúmerið en þau hefjast alltaf á P 150 í stað nafn fars og farmflytjanda. Sendingarnúmer ásamt viðtökunúmeri er á tilkynningu Íslandspóst um komu böggla- eða bréfasendingar til landsins vegna hvers bögguls eða bréfs. Velja skal eitt sendingarnúmer af mörgum til að nota í innflutningsskýrslu ef fleiri en einn böggull eða bréf eiga að fara saman í skýrslunni og skal þá nota það sendingarnúmer á innflutningsskýrsluna sem sýnir lægsta númer, sbr. 7 öftustu stafir í sendingarnúmeri

ATH. Viðtökunúmer póstsendinga færst í reit 21.

Sendingarnúmer úttektarskýrslu vegna TU, TS, FU, TT tollafgreiðslu (sjá reit 1.2) samkvæmt sérstökum leiðbeiningum um þau er fært hér.

Reitur 19 Gámur

Á aðeins við flutninga með skipi. Veitið hér upplýsingar um hvort varan sé flutt í gámi eða ekki með því að tilgreina eftirfarandi lykla:

Lykill 0: vara sem ekki er flutt í gámi.

Lykill 1: vara sem er flutt í gámi. Skrá

þarf gámanúmer í reit 31.

Reitur 20 Afhendingarskilmálar

Færið inn í fremsta hluta reitsins lykil fyrir viðkomandi afhendingarskilmála (Incoterms 2010 Alþjóða Verslunarráðsins). Í miðhluta skal tilgreina frá eða til hvaða staðar skilmálarnir gilda. Aftasti hluti er ekki fylltur út.

<i>Afhendingarskilmálar:</i>	<i>Lykill:</i>
Vara afhent frá verksmiðju	EXW EX Works
Frítt til farmflytjenda	FCA FREE CARRIER
Varan afhent frítt að skipshlið	FAS FREE ALONGSIDE SHIP
Varan afhent frítt um borð	FOB FREE ON BOARD
Kostnaður og flutningsgjald greitt	CFR COST AND FREIGHT
Kostnaður, váttrygging og flutngj. greitt	CIF COST , INSURANCE AND FREIGHT
Flutningur greiddur	CPT CARRIAGE PAID TO
Flutningur og váttrygging greidd	CIP CARRIAGE, INSURANCE PAID TO
Afhending til staðar	DAP DELIVERED AT PLACE
Afhent á flutningsmiðstöð	DAT DELIVERED AT TERMINAL
Afhent og aðflutningsgjöld greidd	DDP DELIVERED DUTY PAID

Auk ofangreindra lykla skal nota í neðangreindum tilvikum eftirfarandi lykla (sem eru ákveðnir af Skattinum). Í miðhluta er tilgreind viðkomandi staðsetning t.d. Reykjavík:

Tollfrjáls innflutningur sendiráða	DIP
Vörur sem eru endurinnfluttar	END
Eigin vara innflytjanda	EVA
Vara send án kröfu um greiðslu	FOC
Vara send að gjöf	GJF

Dæmi um útfyllingu:

- Viðtakandi á að greiða allan kostnað sem leggst á vöru frá því að hún er afhent frá verksmiðju. Í þessu tilviki skal tilgreina í fremri hluta reitsins lykilinn EXW (ex works), en í miðhlutanum afhendingarstaðinn.
- Sendandi greiðir allan flutningskostnað og tryggingu til ákvörðunarstaðarins. Í þessu tilviki skal færa inn CIF í fremri hlutann en ákvörðunarstaðinn í miðhlutann.
- Sendandi greiðir flutningskostnað þar til vörurnar eru komnar um borð í skip. Í þessu tilviki skal færa inn í fremri reitinn FOB, en í miðhlutann staðinn þar sem vörunum er skipað um borð í flutningsfar.

Sjá vef Skattsins: <https://skatturinn.is/afhendingarskilmalar/>

Reitur 21 Auðkenni og þjóðerni virks flutningsfars við flutning yfir landamæri

Færið inn í fremri hluta reitsins **farmskrárnúmer** sem farmflytjandi hefur gefið viðkomandi sendingu á farmbréfi (4 stafir) eða flugfylgibréfi (airwaybill- 11 stafir). Aftari hluti reitsins er ekki notaður. Ef um póstsendingu er að ræða skal skrá **viðtökunúmer** sem kemur fram í komutilkynningu pósthúss. Ef um fleiri viðtökunúmer er að ræða skal skrá þau, en á fylgiskjal og skrá í reitinn „sjá fylgiskjal“ ef gerð er pappírsskýrsla. Raðnúmer úttektar innan dags, 4 stafir.

Reitur 22 Mynt og heildarfjárhæð vöruverðs reikninga

Tilgreinið í þessum reit tegund myntar (gjaldmiðils) og heildarfjárhæð vöruverðs þeirra reikninga sem taka til sendingarinnar. Tegund myntar skal gefin upp í fremri hluta með

þriggja bókstafa alþjóðlegri skammstöfun sbr. skráningu Seðlabanka Íslands. Heildarfjárhæð vöruverðs sendingar færist í aftari hluta reitsins. Ef fleiri en einn reikningur eru fyrir sendinguna með mismunandi tegundum myntar skal innflytjandi velja mynt þess reiknings/reikninga sem hefur mesta verðmæti í sendingunni. Í þessu tilviki þarf að umreikna upphæðir þeirra reikninga, sem eru í annarri mynt, yfir í þá mynt sem notuð er í innflutningsskýrslu, (mynt mesta vöruverðmætis) og þá samkvæmt gildandi tollgengi þegar innflutningsskýrslan er gerð. Vöruverð reiknings er tilgreint eins og það kemur fyrir á reikningi, óháð kaupskilmálum, án alls kostnaðar sem bætt er sérstaklega við vöruverðið (sem færist í reit 12) og að frádregnum leyfilegum afslætti ef hann er fyrir hendi. Heildartala í reit 22 skal stemma við samtölu reita 42. Sjá dæmi á bls. 25.

Tollverð vara sem sendar eru til útlanda til viðgerðar er viðgerðarkostnaður að viðbættum flutningskostnaði. Tollverð vöru sem send er til útlanda til aðvinnslu og breytist svo að úr verður ný vara skal ákveðið með sama hætti og tollverð erlendrar aðfluttrar vöru samkvæmt reglum um ákvörðun tollverðs.

Reitur 23 Gengi

Ekki er nauðsynlegt að fylla út þennan reit þar sem tollakerfið sækir gildandi gengisskráningu Seðlabanka Íslands og byggir tollafgreiðslugengi á henni miðað við uppgefna tegund myntar. Við tollafgreiðslu sendinga er ákvörðun tollverðs byggð á tollafgreiðslugengi eins og opinbert viðmiðunargengi er skráð af Seðlabanka Íslands Sjá:

<https://www.skatturinn.is/atvinnurekstur/tollamal/tollafgreiðslugengi/gildistimi-og-skraning/>. Ekki fyllt út í SMT/VEF innflutningsskýrslu.

Reitur 24 Tegund viðskipta

Veitið hér upplýsingar um tegund viðskipta í samræmi við neðangreinda skrá. Lykillinn skal færður í fremsta hluta reitsins (aðrir hlutar ekki notaðir):

	<i>Lykill:</i>
- Innflutningur á vöru gegn greiðslu.....	1
- Endursend vara frá útlöndum.....	2
- Innflutningur á vöru án greiðslu fyrir vöruna, t.d. tímabundinn innflutningur (m.a. vegna sýninga, til kynninga, lán, í vísindaskyni), vara án greiðslu innflutt í stað annarrar, vara endurinnflutt eftir tímabundinn útflutning	3
- Innflutningur á vöru til aðvinnslu samkvæmt samningi (innflytjandi eignast/kaupir ekki vöruna).....	4
- Innflutningur á vöru eftir aðvinnslu erlendis samkvæmt samningi (innflytjandi á vöruna fyrir).....	5
- Ef flutt er inn <u>til aðvinnslu</u> og innflytjandi eignast/kaupir vöruna.....	1
- Ef flutt er inn <u>eftir aðvinnslu</u> og innflytjandi á ekki vöruna fyrir og kaupir hana skal nota lykil.....	1
- Annað.....	0

Reitur 25 Flutningsmáti yfir landamæri

Færið inn í fremri hluta reitsins, samkvæmt eftirfarandi lyklum hér að neðan, flutningsmáta miðað við flutningsfarið sem flutti vöruna til landsins. Aftari reitur er ekki notaður:

- 10 Flutningar á sjó.
- 11 Fiskiskip með eigin afla.
- 13 Ökutæki á vegum, flutt á skipi.
- 16 Vélknúið ökutæki flutt með skipi.
- 17 Tengivagn eða aftanívagn fluttur með skipi.
- 30 Ökutæki flutningur eftir vegi. (Ekki notað á Íslandi).
- 40 Loftflutningar.
- 50 Póstflutningar.
- 70 Fastar flutningaleiðir, leiðslur/pípur. (Ekki notað á Íslandi).
- 80 Flutt á ám og vötnum. (Ekki notað á Íslandi)
- 90 Fyrir eigin afli.

Reitir 26 og 27

Ekki notaðir

Reitur 28 Fjármála- og bankaupplýsingar

Við innsetningu vörusendingar í tollvörugeymslu, tollfrjálsa verslun eða tollfrjálsa forðageymslu (afgreiðslutegund TO, TV, FR, eða TF í reit 1.2) skal skrá hér 8 stafa innsetningarnúmer sendingarinnar hjá rekstraraðila samkvæmt reglum um þau. (Ef um er að ræða hraðsendingu í pósti er viðmiðunardagsetning þeirra skráð hér).

Reitur 29

Ekki notaður

Reitur 30 Geymslustaður vöru

Hér skal tilgreina númer vörugeymslu (lykil) sem Skatturinn hefur úthlutað farmflytjanda vöru og þar sem hin ótollafgreidda vara er geymd og Skatturinn getur framkvæmd vöruskoðun eða gengið að henni vegna tolleftirlits. Um er að ræða 3 stafa lykil. Upplýsingar um geymslustað vöru er að finna á farmbréfi/tilkynningu farmflytjanda. Sjá vef Skattsins: <https://skatturinn.is/vorugeymslur>

Reitir 31 til og með 47 ná yfir sundurgreiningu í hvern vörulið (tollskrárnúmer) fyrir sig.**Reitur 31 Stykki og vörulýsing – merki og númer – gámanúmer – tala og tegund**

Færið hér eftirfarandi í sömu röð og haldið aðgreindu vegna viðkomandi vöruliðs:

1. Vörulýsing. Hér skal gefa upp almenna vörulýsingu sem svo skýrt er fram sett að vöruna megi þekkja og flokka.

2. Merki og númer á vörum. Gefa skal upp hvernig umbúðir vörunnar eru merktar. Ekki þarf að gefa upp merkingu ef varan er í lausu eða án umbúða.
3. Gámanúmer. Ef varan er flutt í gámi þarf að gefa upp gámanúmer (11 stafa t.d.AAAA1234567).
4. Fjöldi umbúðaeininga (colli). Ef varan er í lausu (bulk) er skráð sem 1 í stykkjatölu og telst saman með öðrum einingum í reit 6.
5. Tegund umbúða. Tegund umbúða er tilgreind samkvæmt lykllum. Sjá vef Skattsins: <https://skatturinn.is/umbudir/>
Ef eitt eða fleiri stykki (colli) með sömu umbúðir og vörumerkingu innihalda vörur sem falla undir fleiri en einn vörulið (tollskrárnúmer) má gefa upp heildarfjölda á fyrsta vörulið (tollskrárnúmers) en t.d. 0 á næsta þannig að heildar stykkjatalan stemmi.

Ef viðkomandi upplýsingar rúmast ekki á skýrslu má færa þær á fylgiskjal og geta þá þess með því að skrá „sjá fylgiskjal“.

Reitur 32 Vöruliður

Hér skal tilgreina raðnúmer vöruliðar (tollskrárnúmers) í óslitinni röð númera í samræmi við leiðbeiningar um reit 5.

Reitur 33 Vörunúmer (Tollskrárnúmer)

Tilgreinið tollskrárnúmerið sem varan í reit 31 flokkast undir samkvæmt íslensku tollskránni sem er **átta tölustafa** númer. Í fyrsta hluta reitsins fyrir framan lóðréttu brotalínuna á að rita **sex** fyrstu tölustafi tollskrárnúmersins, (sem svara til einstakra vöruliða samræmdu tollskrár Alþjóðatollastofnunarinnar), en í seinni hluta reitsins á að rita sjöunda og áttunda tölustaf tollskrárnúmersins samkvæmt íslenskri skiptingu númersins og flokkun vörunnar.

Í einstaka tilvikum er heimiluð einfölduð tollflokkun m.a. vegna tollfrjálsra sendinga sjá yfirlit yfir sérstök númer sem eru notuð við einfalda tollafgreiðslu og leiðbeiningar um hana.

Við útfyllingu innflutningsskýrslu gildir sú almenna regla að innflytjandi á að draga saman verðmæti vöru í vörureikningi eða vörureikningum, sem tilheyra einni innflutningsskýrslu og flokkast undir sama tollskrárnúmer, í einn vörulið í innflutningsskýrslu hvort sem um er að ræða innflutningsskýrslu á pappír eða VEF/SMT-innflutningsskýrslu. Ekki má hinsvegar sameina vörur, sem flokkast undir sama tollskrárnúmer, í einn vörulið í innflutningsskýrslu, ef aðflutningsgjöld, sem leggja skal á og innheimta af vörunum, eru ekki þau sömu eða upprunaland þeirra ekki hið sama, leyfi, boð eða bönn eða annað sem hefur áhrif á tollmeðferð vörunnar og veldur þannig frávikum frá réttri tollmeðferð.

Reitur 34a Lykill upprunalands

Tilgreinið hér uppruna vöru í reit 31 með lykli viðkomandi upprunalands. Sjá á vef Skattsins: <https://skatturinn.is/lond/>

Athugið að reitur 34b er ekki fylltur út.

Reitur 35 Þyngd brúttó (kg)

Færið inn í brúttóþyngd vöru sem tilgreind eru í reit 31 fyrir hvern vörulið (tollflokk). Brúttóþyngd í þessu sambandi er heildarþyngd vöruliðs með öllum umbúðum sínum að frátöldum gámum og öðrum flutningsbúnaði. Heimilt er að nota 3 aukastafi. Samtala þunga í reitum 35 skal stemma við heildarþyngd í reit 13 sem er skráð þar í heilum kg. Heimil frávik, dæmi:

Reitur 13= 1 þá sé samtala reita 35 minni en 1.5 kg.

Reitur 13 stærri en 1 þá er frávik samtölu reita 35 heimil +/- 0,5 kg.

Samtala reita 35 vegna póstsendinga sé með +/- 0,100 kg (100 gr.) nákvæmni miðað við samtölu brúttóþyngda viðtökunúmera skýrslu.

Reitur 36 Ívilnun (tegund tolls)

Í þennan reit ber að setja lykil fyrir þá tegund tolls, almennan toll eða fríðindameðferð, sem er óskað eftir og þá jafnframt vísað til þess að þau skjöl sem fylgja uppfylli þau skilyrði um að varan njóti fríðindameðferðar samkvæmt viðkomandi samningi.

Dæmi:

- A** Almennur tollur skv. tollskrá
- B** ESB samningur
- E** EES samningur
- F** Fríverslunarsamningur milli EFTA og Ísraels (IL)
- YI** Fríverslunarsamningur milli EFTA og Úkraínu (UA)
- YL** Fríverslunarsamningur milli Íslands og Kína (CN)

Nánari listi um fríverslunarsamninga er á heimasíðu Skattsins sjá <https://skatturinn.is/tollar>

Reitur 37 Tollmeðferð**Innflutningur**

Skráðið í fremri hluta reitsins lykil sem nær yfir tollmeðferð vörunnar samkvæmt meðfylgjandi yfirliti.

Fremri hluti:**Almennur innflutningur á vöru**

- 40 Almennur vöruinnflutningur (ekki tilgreindur undir öðrum tollmeðferðarlykli).
- 41 Vara send til Íslands til aðvinnslu samkvæmt samningi (innflytjandi kaupir/eignast ekki vöruna). Ætlað er að varan fari **ekki** aftur úr landi (þ.e. erlendur eigandi selur innlendum þriðja aðila vöruna eftir aðvinnslu innflytjanda). *Ef innflytjandi kaupir/eignast vöruna skal nota lykil 40.*
- 42 Vara send til Íslands án greiðslu og kemur í stað annarrar vöru t.d. vegna galla.
- 43 Endursendar tómar umbúðir, farangur ferðamanna, sýnishorn og auglýsingaefni, verðlaus bréf, bæklingar og prentuð gögn, hugbúnaðargögn án endurgjalds,

heiðursmerki, vörur til sendiráða, kjörræðismanna og annarra sendimanna erlendra ríkja, póstpokar með póstsendingum, kistur og duftker með jarðneskum leifum.

- 49 Annað, t.d. búslóðir, bifreiðar á íslenskum númerum, gjafir (persónulegar, til mannúðar- og líknarstarfsemi, til ríkis- og sveitarfélaga), vörur til alþjóðastofnana og arfur.

Tímabundinn innflutningur

- 50 Vara send til Íslands til tímabundinna nota innanlands í allt að 12 mánuði, t.d. sýningar, til kynningar, í vísindaskyni, að láni.
- 51 Vara send til Íslands til viðgerðar.
- 52 Vara send til Íslands til aðvinnslu samkvæmt samningi (innflytjandi kaupir/eignast ekki vöruna). Ætlað er að varan fari aftur úr landi. *Ef innflytjandi kaupir/eignast vöruna skal nota lykil 40.*
- 53 Vara send til Íslands til leigu eða rekstrarleigu.

Endursend vara

- 60 Áður útflutt vara endursend til Íslands frá útlöndum, t.d. vegna ábyrgðar.

Endurkeypt vara

- 62 Áður útflutt vara endurkeypt frá útlöndum.

Endurinnflutningur eftir viðgerð, aðvinnslu og tímabundinn útflutning

- 64 Vara send til Íslands eftir viðgerð erlendis.
- 65 Vara send til Íslands eftir aðvinnslu erlendis.
- 66 Vara send til Íslands eftir tímabundinn útflutning, t.d. sýningavörur.
- 67 Vara send til Íslands eftir leigu eða rekstrarleigu.

Vara sett í tollvöruheymslu, frísvæði, tollfrjálsa verslun eða tollfrjálsa forðageymslu

- 70 Tollvöruheymsla (lykill TO, TU, eða TB í reit 1, 2. hluta).
- 71 Frísvæði (lykill FR í reit 1, 2. hluta).
- 72 Tollfrjálsa verslun (lykill TV í reit 1, 2. hluta).
- 73 Tollfrjálsa forðageymsla (lykill TT, TM eða TB í reit 1, 2. hluta).

Vara ónýtt eða fargað

- 90 Vara dæmd ónýtt eða vöru fargað

Hafi varan, sem verið er að flytja inn, áður hlotið tollmeðferð við útflutning frá landinu, ber að setja neðangreinda lykila í aftari hluta reits 37. Hafi engin fyrri tollmeðferð átt sér stað er notað 00.

Seinni hluti:

Engin fyrri tollmeðferð

- 00 Engin fyrri tollmeðferð.

Annars:**Almennur útflutningur á vöru**

- 10 Sala á íslenskri vöru til útlanda, almennur útflutningur (ekki tilgreindur undir öðrum tollmeðferðarlykli).
- 11 Vara send til útlanda til aðvinnslu samkvæmt samningi (útflytjandi selur ekki vöruna). Ætlað er að varan komi ekki aftur til Íslands.
Ef útflytjandi selur vöruna skal nota lykil 10.
- 12 Útflutningur á vöru án greiðslu sem kemur í stað annarrar, t.d. vegna galla.
- 13 Endursendar tómar umbúðir, farangur ferðamanna, sýnishorn og auglýsingaefni, verðlaus bréf, bæklingar og prentuð gögn, hugbúnaðargögn án endurgjalds, heiðursmerki, vörur til sendiráða, kjörræðismanna og annarra sendimanna Íslands erlendis, póstpokar með póstsendingum, kistur og duftker með jarðneskum leifum.
- 19 Annað, t.d. búslóðir, bifreiðar á íslenskum númerum, gjafir (persónulegar, til mannúðar- og líknarstarfsemi, til ríkis- og sveitarfélaga), vörur til alþjóðastofnana og arfur.

Tímabundinn útflutningur

- 20 Vara send frá Íslandi til tímabundinna nota erlendis í allt að 24 mánuði (á sýningu, til kynningar, í vísindaskyni, að láni).
- 21 Vara send til útlanda til viðgerðar.
- 22 Vara send til útlanda til aðvinnslu samkvæmt samningi (útflytjandi selur ekki vöruna). Ætlað er að varan komi aftur til Íslands. *Ef útflytjandi selur vöruna skal nota lykil 10.*
- 23 Vara send til útlanda til leigu eða rekstrarleigu.

Endursend vara

- 30 Áður innflutt vara endursend til útlanda, t.d. vegna ábyrgðar.

Endurseld vara

- 32 Áður innflutt vara endurseld til útlanda.

Endurútflutningur eftir viðgerð, aðvinnslu og tímabundinn útflutningur

- 34 Endurútflutt vara eftir viðgerð á Íslandi.
- 35 Endurútflutt vara eftir aðvinnslu á Íslandi.
- 36 Endurútflutt vara eftir tímabundinn innflutning, t.d. sýningavörur.
- 37 Endurútflutt vara eftir leigu eða rekstrarleigu.

Úttekt vöru úr tollvöruhegrymslu, frísvæði, tollfrjálsri verslun eða tollfrjálsri forðagegrymslu

- 70 Tollvöruhegrymsla (lykill TO, TU, eða TB í reit 1, 2. hluta).
- 71 Frísvæði (lykill FU í reit 1, 2. hluta).
- 72 Tollfrjáls verslun (lykill TS í reit 1, 2. hluta).
- 73 Tollfrjáls forðagegrymsla (lykill TT, TM eða TB í reit 1, 2. hluta).

Dæmi um notkun þessara lykila sjá bl. 37:

Reitur 38 Þyngd nettó (kg)

Færið inn í kílógrömmum, með þremur aukastöfum, nettóþyngd vörunnar sjálfar sem lýst er í reit 31. Nettóþyngd, sem er brúttóþyngd að fráteknum ytri umbúðum, skal ávallt tilgreina fyrir hvern vörulið (tollskrárnúmer, reitur 33) í vörusendingunni í reit 31. Nettóþyngd getur verið gjaldstofn gjalda og er þá einnig tilgreind í reit 47. Nettóþyngd er almennt þyngd vöru í söluumbúðum til neytenda. Skal hér fara eftir vöruerekningi eða öðrum gögnum sem fylgja vörusendingu. Þyngd bifreiða sé í samræmi við skráðan eigin þunga í ökutækjaskrá.

Reitur 39 Kvótar

Reit 39 á að nota vegna tollkvóta, sem úthlutað er á grundvelli tollkvótareglugerða, þar sem upphaflegur gildisdagur reglugerðar er 01.01.2023 eða síðar.

Ef sótt er um lækkun á tolli á grundvelli úthlutaðs tollkvóta frá Matvælaráðuneytinu, á að skrá einkvæmt úthlutunarnúmer ráðuneytisins í reit 39. Úthlutunarnúmerið er tilgreint á tilkynningu ráðuneytisins um tollkvótaúthlutun.

Ef upplýsingar eru skráðar í reit 39, þarf jafnframt að skrá í reit 44 lykilinn UND og tilvísunina TKV01.

Ef um „ex-merkta“ vöruliði er að ræða, þarf auk fyrrgreindra tveggja atriða að skrá í reit 44 lykilinn TKU og tilvísunina EX.

Reitur 40 Heildarskýrsla/Fyrri skjal

Hér er vísað í fyrri tollmeðferð vörunnar með tilvísun í sendingarnúmer fyrri tollafgreiðslu, t.d. vöru sem er að koma aftur til landsins eftir útflutning, var send til viðgerðar, sýninga o.s.frv. og tengist því tollafgreiðslu með öðru sendingarnúmeri (sbr. lykil í reit 37 ef síðari hluti er hærri en 00). Athuga aðeins ein tilvísun í línu. Hér er því ekki átt við leiðréttingar á tollafgreiðslu eða tilvísun í innsetningu í tollvörugeymslu.

Reitur 41 Magn í annarri einingu

Ekki notaður. (Þessi reitur er ekki fylltur út þar sem allar magntölur sem tengjast vörulið, tollskrárnúmeri, eru skráðar í reit 47 hvort sem þær tengjast gjaldtöku eða tölfræðiupplýsingum fyrir Hagstofu Íslands.)

Reitur 42 Vöruverð

Hér er gefið upp verð vörunnar sem tilgreind er í reit 31 í sömu mynt og gefin er upp í fyrri hluta reit 22 og samkvæmt þeim afhendingarskilmálum sem fram koma í reit 20 og í samræmi við vöruverð í reit 22. Hér þarf því ekki að gefa upp lykil myntar. Samtala reita 42 skal stemma við seinni hluta reits 22. Sjá dæmi bls. 25.

Reitur 43 Va- lykill

Færið inn lykil fyrir viðkomandi verðákvörðunarreglu sem tollverð vöru byggist á:

Lykill

- 1 Viðskiptaverð hinnar innfluttu vöru.

Lykill

- | | |
|----------|--|
| 2 | Viðskiptaverð sams konar vöru. |
| 3 | Viðskiptaverð svipaðrar vöru. |
| 4 | Söluverð sams konar eða svipaðrar vöru hér á landi |
| 5 | Reiknað verð |
| 6 | Matsverð |
| 7 | Án tollverðmætis vegna tollfrelsis |

Almenna reglan (lykill 1), er viðskiptaverð vöru, þ.e. það verð sem greitt er eða greiða ber fyrir vöruna. Liggi það ekki fyrir ber innflytjanda í samráði við Skattinn að ákvarða viðskiptaverðið.

Reitur 44 Viðbótarupplýsingar/framlögð skjöl/vottorð og leyfi

Í þennan reit skal færa aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna tollafgreiðslu vöru og ekki koma fram í öðrum reitum á innflutningsskýrslunni. Fyrst er skráður 3 stafa lykill og síðan númer hverrar tegundar og þeim haldið aðgreindum.

Númer vörureikninga og dagsetning

Hér skal skrá númer og dagsetningu þeirra reikninga sem ná yfir viðkomandi vörulið með því að tilgreina sérstaka tilvitnun sem saman stendur af þriggja stafa lykli **RNR** og reikningsnúmer ásamt dagsetningu fyrir dag, mán. ár, t.d. RNR 123456D010415. Ef reikningur er ekki númeraður skal skrá RNR nnnn í stað númers og síðan dagsetningu. Ef reikningur er ekki dagsettur skal skrá D999999 í stað dagsetningar. Ef vöruliðurinn nær yfir fleiri reikningsnúmer en hægt er að gefa upp í reitnum er gert yfirlit og vísað til þess í reitnum með því að skrá RNR SJAFYLGISKJAL. Ef vöruliðurinn er án reiknings skal skrá RNR ÁNREIKNINGS

Tilvísunarnúmer úttekta úr tollvöruheymslu

Skráð þegar um er að ræða úttektarskýrslu úr tollvöruheymslu (frísvæði, tollfrjálsri verslun eða tollfrjálsri forðageymslu) Raðnúmer úttekta úr innsetningum sem tengjast hverri línu fyrir sig er skráð hér með þriggja stafa lykli **UTT** ásamt tilvísunarnúmeri t.d. V1512345014, þ.e. 11 stafir skráð án bandstrika (V15 nr. geymslu, 12345 innsetningarnúmer, 014 úttektarnúmer innsetningar).

Undanþágubeiðnir

Ef óskað er eftir undanþágu frá aðflutningsgjöldum skal færa inn undanþágubeiðni hverja fyrir sig skv. þeim heimildum sem fyrirtækið hefur eða gilda almennt. Skrá skal lykilinn **UND** auk lykils þeirrar undanþágu sem óskað er eftir. Dæmi UND T0023. Listi yfir undanþágur og lykla þeirra má finna á vef Skattsins <https://skatturinn.is/undanthagur>

Hafi innflytjandi sérstaka heimild til lækkunar aðflutningsgjalda skal að auki skrá lykilinn HNR og heimildanúmerið sem fyrirtækinu hefur verið úthlutað af Skattinum eða öðrustjórnvaldi. T.d. UND T0029 og HNR Rey0001.

Sótt er um undanþágur til Skattsins á eyðublaði E27, sjá vef Skattsins:

<https://www.skatturinn.is/media/eydublod/TS-E27.is.pdf>

Með því að setja inn tilvísun í undanþáguheimild í þennan reit er innflytjandi að lýsa yfir að hann hafi kynnt sér skilyrði undanþágunnar og muni hlíta þeim.

Ósk um niðurfellingu vegna úthlutaðs tollkvóta er skráð hér samanber leiðbeiningar í reit 39.

Leyfisnúmer vegna eftirlits annarra stofnanna á vöru í tollskrárnúmeri

Ef leyfi, vottorð, eða undanþáguheimild frá innflutningstakmörkun hefur einkvæmt númer frá viðkomandi stjórnvaldi skal skrá það í svæðið á eftir viðkomandi lykli. Dæmi um slíkt er leyfi sem Matvælastofnun gefur út fyrir innflutning á leyfisskyldum vörum, **MST** A123456. Einnig getur verið að stofnannir áriti á vörureikning leyfi og ber þá innflytjanda að vísa í þá áritun á vörureikningnum. Ef innflytjandi hefur fengið áritun Lyfjastofnunnar(LLY) 16 ágúst 2015 ber að færa leyfið með eftirfarandi hætti í reit 44: **LLY** D160815.

EUR vottorð og yfirlýsingar

Vegna fríverslunarmeðferðar á EES-vörum samkvæmt EES samningnum eða öðrum samningum þar sem kveðið er á um sönnun uppruna með EUR 1 flutningsskírteini eða sérstakri upprunayfirlýsingu á vörureikningi vegna tollfríðinda við innflutning ber að útfæra tilvísunina á eftirfarandi hátt:

- o Ef EUR 1 flutningsskírteini hefur verið gefið út skal númer þess ritað í svæðið á eftir **EUR** lyklinum. Dæmi: EUR A123456
- o Ef **EUR** yfirlýsing er á vörureikningi skal rita yfirlýsing í svæðið á eftir EUR lyklinum og dagsetningu undirskriftar þegar EUR yfirlýsing var sett á vörureikning. Dæmi: EUR yfirlýsing D150415

Kína upprunavottorð og yfirlýsingar

Vegna fríverslunarmeðferðar á vörum upprunnum í Kína samkvæmt þeim fríverslunarsamningi skal gefið til kynna að réttmæt upprunasönnun sé til staðar vegna viðkomandi vöru með því að skrá lykilinn **FKI**, sem stendur fyrir upprunavottorð eða upprunayfirlýsingu samkvæmt skilyrðum samningsins, ásamt **númeri** upprunavottorðs eða upprunayfirlýsingar.

Ef um smásendingu er að ræða að verðmæti 600 USD eða minna og upprunavottorð eða upprunayfirlýsing fylgir ekki vörusendingu má óska eftir fríðindameðferð með því að skrá **FKI** og V600USD. Er þá jafnfram verið að lýsa því yfir að varan sé uppruninn í Kína og flutt þaðan í beinum flutningi og fullnægi öðrum tilgreindum skilyrðum samningsins.

Fastanúmer ökutækis.

Við innflutning á ökutæki sem krefst fasta númers skv. reglugerð um skráningarskyldu ökutækis og númeri hefur verið úthlutað af Samgöngustofu, ber að skrá það hér. Færið inn lykilinn **SNI** og þar á eftir fasta númer ökutækisins. t.d. SNI ABC12, en **SNE** og erlenda

númerið ef ökutækið er skráð erlendis og á ekki að fara á skrá vegna tímabundins innflutnings.

Vinnuvélar

Sérstakar reglur gilda um tilvísun í skráningarnúmer vinnuvéla og farandvinnuvéla frá Vinnueftirlitinu. Í þessu tilviki skal skrá úthlutað skráningarnúmer í svæði tilvísunar á eftir lyklinum. T.d. LfV AB1234. Sjá vef Skattsins: <https://skatturinn.is/undanthagur/>

ATA Carnet

Fylgi sendingunni ATA Carnet skírteini sem nota á vegna bráðabirgðaafgreiðslu ber að skrá hér númer skírteinisins. Fyrst skráist lykillinn ATA og síðan raðnúmer skírteinis. T.d. ATA DE212507

Bindandi álit

Hafi innflytjandi fengið útgefið bindandi álit um tollflokkun vöru sem lýst er í reit 31 ber að færa hér númer álits. Dæmi: BND 2013-001

Reitur 45

Ekki notaður

Reitur 46 Hagskýrsluverð (Tollverð)

þarf ekki að fylla út. (Tollverð, sem er hagskýrsluverð, er reiknað út sjálfvirkt í kerfi Skattsins miðað við þær forsendur sem gefnar eru í skýrslunni).

Reitur 47 Útreikningur gjalda (lyklar magntalna og magntölur gjaldstofna)

Í fyrsta hluta reits 47 (Tegund) skal skrá lykla þeirra magntalna, annarra en þeirra sem reiknast af tollverði, tolli og öðrum gjöldum, sem eru gjaldstofn gjalda tollskrárnúmersins sem tilgreint er í reit 33. Magntala gjaldstofns er tilgreind í öðrum hluta reits 47 (Gjaldstofn). Með sama hætti eru hér skráðir lyklar og magntölur vegna tölfræðiupplýsinga til Hagstofu Íslands en mynda ekki gjaldsskyldu.

Kröfur hvers tollflokks um lykla og magntölur má finna á vefsíðu Skattsins undir magntölukröfur. Sjá á vef Skattsins: <https://skatturinn.is/tollskra/>

Dæmi:

Tollskrárnúmer 8521.9023

→ Innflutningur 📅 Viðmiðunardagur: 03.03.2023

Athugasemdir

Umbúðagjöld

Gildistími	01.11.2011 - Ótímabundið	GATT-binding	Nei
Krafa um	Einingatala og nettóþyngd	Prósentubinding (%)	0
Tekur fastnúmer	Nei	Magnbinding	0
Hlutfallsprósentur		Magntölukröfur	NET, STK, MS*

Lykill og hvernig skal tilgreina magntölu:

- ETN Lítratala íblöndunarefnisins etanóls í bensíni/olíu. Skráð með tveimur aukastöfum. Hægt að skrá núll.
- LIF Lítratala íblöndunarefnisins lífdísils í bensíni/olíu. Skráð með tveimur aukastöfum. Hægt að skrá núll.
- LIT Lítratala vöru með 2 aukastöfum.
Frávik frá almennri reglu: þyngd gjaldskyldra rafgeyma, sem eru hluti af heildarnettóþyngd vöru, sem er skráð undir lyklinum NET, er skráð í kg með 3 aukastöfum með LIT lykli.
Einnig þyngd tóbaks vegna tóbaksgjalds sem er skráð í grömmum með þessum lykli (gjald á annað tóbak nú 33,60 kr./gramm)
- NET Nettóþyngd vöru í kg með 3 aukastöfum (ávallt tilgreint með 0,001 kg nákvæmi, gramm).
Nettóþyngd er almennt þyngd vöru í söluumbúðum til neytenda. Fara skal eftir vörureikningi eða öðrum gögnum sem fylgja vörusendingu. (sjá einnig reit 38).
- NNT* Net-nettóþyngd vöru (þungi án söluumbúða) í kg með 3 aukastöfum
- PRO Styrkleikaprósenta áfengis, víns eða öls með 2 aukastöfum
- STK Fjöldi eininga (fjöldi gjaldskyldra eininga og/eða eininga, t.d skópör, rúmmetrar trjáviðar, fyrir Hagstofu Íslands)
- PAR* Paratala skófatnaðar
- RUM* Rúmmetrar vöru
- RAF* Þyngd rafgeymis eða rafhlöðu í kg með 3 aukastöfum
- Lyklar merktir með * eru nýjar tegundir sem verða teknir upp síðar

Frá og með 01.03.2023 verður að gefa upp lykil magntölu fyrir þyngd sölu- og flutningsumbúða.

Valið er milli tveggja kóða: MSA vegna áætlaðrar þyngdar eða MSR vegna raunþyngdar.

MSA	Áætluð þyngd sölu- og flutningsumbúða. Þyngd ekki þekkt.	Kódi megin söluumbúða skráður í reit 47.2: 0 = Engar umbúðir. 1 = Ál. 2 = Gler. 3 = Pappír. 4 = Plast. 5 = Stál. 6 = Viður.
MSR	Þekkt þyngd sölu- og flutningsumbúða.	Kódi megin söluumbúða skráður í reit 47.2. Sömu kóðar (0 til 6) og skráðir eru hér að ofan vegna MSA.

Ef kóðinn MSR er notaður, þarf einnig að skrá kóða viðeigandi sölu- og flutningsumbúða í reit 47 og rauntölu í kg með 3 aukastöfum í reit 47.2, þannig:

F01	Flutningsumbúðir, ál.	Rauntala í kg með 3 aukastöfum í reit 47.2.
F02	Flutningsumbúðir, gler.	Rauntala í kg með 3 aukastöfum í reit 47.2.
F03	Flutningsumbúðir, pappír.	Rauntala í kg með 3 aukastöfum í reit 47.2.
F04	Flutningsumbúðir, plast.	Rauntala í kg með 3 aukastöfum í reit 47.2.
F05	Flutningsumbúðir, stál.	Rauntala í kg með 3 aukastöfum í reit 47.2.
F06	Flutningsumbúðir, viður.	Rauntala í kg með 3 aukastöfum í reit 47.2.
F08	Flutningsumbúðir, viðarbretti.	Rauntala í kg með 3 aukastöfum í reit 47.2.
S01	Söluumbúðir, ál.	Rauntala í kg með 3 aukastöfum í reit 47.2.
S02	Söluumbúðir, gler.	Rauntala í kg með 3 aukastöfum í reit 47.2.
S03	Söluumbúðir, pappír.	Rauntala í kg með 3 aukastöfum í reit 47.2.
S04	Söluumbúðir, plast.	Rauntala í kg með 3 aukastöfum í reit 47.2.
S05	Söluumbúðir, stál.	Rauntala í kg með 3 aukastöfum í reit 47.2.
S06	Söluumbúðir, viður.	Rauntala í kg með 3 aukastöfum í reit 47.2.

Flutningsumbúðir, ál.

Rauntala í kg með 3 aukastöfum í reit 47.2.

Til og með 28.02.2023 verður að gefa upp tvo lykla magntölu fyrir þyngd pappa/pappírs- og plastumbúðir. Valið er milli 3 tegunda; raunþyngd PL1 og/eða PP1, áætluð þyngd PL2 og/eða PP2, vara án umbúða PLX og/eða PPX.

PLX	Vara ekki í plastumbúðum	Þyngd tilgreind sem 0 í reit 47.2
PL1	Þekkt þyngd plastumbúða	Rauntala í kg með 3 aukastöfum í reit 47.2
PL2	Áætluð þyngd plastumbúða þyngd ekki þekkt	<u>Þyngd ekki tilgreind</u> í reit 47.2, hlutfallsprósenta notuð við áætlun í tollakerfi.
PPX	Vara ekki í pappa/pappírsumbúðum	Þyngd tilgreind sem 0 í reit 47.2
PP1	Þekkt þyngd pappa/pappírsumbúða	Rauntala í kg með 3 aukastöfum í reit 47.2
PP2	Óþekkt þyngd pappa/pappírsumbúða þyngd ekki þekkt	<u>Þyngd ekki tilgreind</u> í reit 47.2, hlutfallsprósenta notuð við áætlun í tollakerfi.

Lyklarnir, sem byrja á PL og PP, og eru vegna þyngdar pappa/pappírs- og plastumbúða falla úr gildi frá og með 01.03.2023.

Í reit **47** gjaldstofn er skráð magntala sem er gjaldstofn viðkomandi gjaldategundar og gjald reiknast af eftir því sem við á. Megin reglan er að ávallt skal skrá raunverulegar magntölur en ekki áætlaðar. Þegar magntala er gjaldstofn gjalds, sem lagt er á vöru, er **óheimilt að áætla** upplýsingar um þessi atriði. Þó er heimilt að áætla og reikna út þyngd umbúða vegna álagningar úrvinnslugjalds skv. sérstökum reglum skv. lögum um úrvinnslugjald.

Sjá dæmi um útfyllingu aftast í þessum leiðbeiningum, bls. 23 og 24.

Ekki þarf að fylla út í reit 47 Taxti og Fjárhæð gjalds en innflytjandi getur fyllt út ef hann telur sé hag af því til samanburðar við gjaldfærslu Skattsins.

Reitur 48

Ekki notaður

Reitur 49 Auðkenni vöruheymislu

Hér skal setja auðkennisnúmer þeirrar geymslu sem sending verður flutt í úr almennri vörugeymslu t.d. flutt í tollvörugeymslu, tollfrjálsa forðageymslu, tollfrjálsa verslun, frísvæðis vörugeymslu, umflutningsgeymslu (Sbr. tegund afgreiðslu í reit 1.2, TO, TV, FR, TF). Ef ekki er um slíkan flutning að ræða er þessi reitur hafður auður. Sjá vef Skattsins:

<https://skatturinn.is/vorugeymslur/>

Reitir 50, 51, 52 og 53

Ekki notaðir

Reitur 54 Kennitala, staður, dagsetning, undirskrift og nafn skýrslugjafa/umboðsaðila netfang og símanúmer.

Skýrslan skal undirrituð af eiganda varanna (eiganda fyrirtækis eða prókúruhafa) tollmiðlara eða starfsmanni sem hefur sérstaka heimild til að gefa skýrslu fyrir hönd eiganda. Jafnframt gefur hann upp netfang og símanúmer ef hafa þarf samband við hann.

Fyrir neðan undirskrift skal prenta eða vélrita nafn og kennitölu þess sem undirritar skýrsluna.

Sama gildir um starfsmenn umboðsaðila (þ.m.t. tollmiðlara) vegna skýrslu á pappír.

Sá sem skrifar undir skýrslu ábyrgist að upplýsingar sem gefnar eru í skýrslunni séu réttar með tilliti til vörusendingarinnar og þeirra skjala eða gagna sem lögð eru fram eða aðgangur er veittur að og gætt hafi verið fyrir mæla laga og annarra reglna sem gilda um innflutninginn. Rafræn innflutningskýrsla er staðfest með rafrænni auðkenningu að viðlagðri sömu ábyrgð.

Notkun framhaldseyðublaðs

Séu í sendingu vörur sem flokkast í fleiri en eitt tollskrárnúmer ber að nota eyðublað E-2.2 Framhaldseyðublaðið skal fylla út í samræmi við leiðbeiningar hér að framan sem gilda um einstaka númeraða reiti eftir því sem eyðublaðið gefur tilefni til. Í reit 8 nægir þó að tilgreina kennitölu viðtakanda. Á framhaldseyðublaðinu er einungis pláss fyrir þrjú tollskrárnúmer. Reitir fyrir vörulýsingu, 31-47, sem ekki eru notaðir, skulu yfirstrikaðir skáhalt horn í horn.

Rafræn innflutningsskýrsla

Hægt er að senda inn rafræna innflutningsskýrslu með SMT skeyti til Skattsins eða með vefskilum í gegnum VEF kerfi embættisins.

Rafræn innflutningsskýrsla (SMT og VEF), hér á eftir nefnd SMT-innflutningsskýrsla, inniheldur sömu reiti til útfyllingar og skrifleg tollskýrsla, en með eftirtöldum frávikum:

Reitur 3 Eyðublið.	Ekki fyllt út í SMT/VEF innflutningsskýrslu.
Reitur 5 Vöruliðir	Þarf ekki að út í SMT/VEF skýrslu.
Reitur 47.2 Gjaldstofn	PP2/PL2 Ekki fyllt út í SMT/VEF innflutningsskýrslu. Þyngd þessi er áætluð samkvæmt reiknireglu.

Með SMT-tollafgreiðslu sendir innflytjandi innflutningsskýrslu til Skattsins með öllum venjulegum upplýsingum, sem krafist er til þess að tollafgreiðsla getið farið fram, frá tölvukerfi sínu til tölvukerfis Skattsins um gagnaflutningsnet, samkvæmt fyrirfram ákveðnum staðli. Ef um VEF afgreiðslu er að ræða notar innflytjandi vefviðmót Skattsins til að gera innflutningsskýrslu og senda inn. Ef sendar upplýsingar standast eftirlit Skattsins samþykkir hann tollafgreiðslu og sendir innflytjanda staðfestingu um tollafgreiðslu með yfirliti um álagningu aðflutningsgjalda og afhendingarheimild. Jafnframt er farmflytjendum, sem hafa slíka tölvutengingu, send slík afhendingarheimild.

Þeir sem tollafgreiða með SMT-tollafgreiðslu eiga að varðveita í bókhaldi sínu á aðgengilegan og tryggilegan hátt öll gögn sem snerta tollmeðferð vara og sendinga. Frekari leiðbeiningar fyrir innflytjendum sem hafa leyfi til SMT-tollafgreiðslu er að finna á heimasíðu Skattsins.

Sótt er um SMT-heimild hjá Skattinum, sem gefur út heimild til SMT tollafgreiðslu að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Eyðublað E-19 sjá á vef Skattsins <https://skatturinn.is/eydublod>

Allur megin þorri tollskýrslna berst með rafrænum hætti eða 97%. Ástæðan er ekki síst sú að það tekur mun skemmri tíma að afgreiða skýrslur sem berast rafrænt. Þannig afgreiðast um 90% skýrslna, sem berast með rafrænum hætti á innan við 20 mínútum. Það tekur að jafnaði lengri tíma að afgreiða skýrslur sem koma á pappír þar sem úrvinnsla þeirra er ekki sjálfvirk og þær stoppa gjarnan vegna rangrar útfyllingar. Hægt er að sækja um heimild til að nota rafræna tollafgreiðslu hjá Skattinum eða að skipta við tollmiðlara sem sér um útfyllingu og miðlun tollskýrslna rafrænt fyrir viðskiptavinum sínum.

Nánari upplýsingar um rafræna tollafgreiðslu er að finna á vefsíðu Skattsins: <https://www.skatturinn.is/atvinnurekstur/tollamal/rafraen-tollafgreidsla/>

Úreltar upplýsingar eftir 1. mars 2023 vinsamlega lesið leiðbeiningar um reit 47:

Dæmi um útfyllingu nokkurra tollskrárnúmera í innflutningskýrslu t.d. um þyngd umbúða, styrkleikaprósentu áfengis og lítratölu og útskýringar á þeim.

Reitur 33 Tollskrárnúmer	Reitur 31 Vörutegund	Reitur 47.1 Lykill	Reitur 47.2 Magntala gjaldstofns
0201.2001	Nautahryggir	² NET	240
	(Pappírsumbúðir)	³ PPX	0
	(Plastumbúðir)	³ PL1	5,405
0603.1300	Blóm orchids	¹ STK	215
	(Pappírsumbúðir)	³ PP2	
	(Plastumbúðir)	³ PL1	2,350
2208.2023	Koníak	¹ STK	25
	(Pappírsumbúðir)	³ PP1	10,330
	(Plastumbúðir)	³ PL2	
	(magn í lítrum)	⁵ LIT	18,75
	(Styrkur áfengis %)	⁴ PRO	45,45
8426.2000	Turnkranar	¹ STK	1
	(Pappírsumbúðir)	³ PPX	0
	(Plastumbúðir)	³ PLX	0
	(þyngd rafgeymis kg)	⁶ LIT	37,550
8708.9301	Tengslí í bífr.		
	(Pappírsumbúðir)	³ PP1	4,550
	(Plastumbúðir)	³ PL1	1,330
2202.1012	Gosdrykkir í áldós	¹ STK	360
	(Pappírsumbúðir)	³ PP2	
	(Plastumbúðir)	³ PL2	
	(magn í lítrum)	⁶ LIT	118,80

Skýringar:

1. **Einingartala (stykkiatala)** vöru. Er í sumum tilfellum gjaldstofn gjalda, t.d. skilagjalds á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur, viðmiðun vegna GATT útreiknings, og er upplýsingar fyrir Hagstofu Íslands.
2. **Nettóvigt í kg með 3 aukastöfum.** Getur verið gjaldstofn gjalda, viðmiðun vegna GATT útreiknings. Er þess utan alltaf skráð í reit 38 sem almennt upplýsingar fyrir Hagstofu Íslands. Nettóvigt er almennt þyngd vöru í söluumbúðum til neytenda, það er brúttóþyngd að fráteknum ytri umbúðum.

Þyngd umbúða í kg með 3 aukastöfum.**Úreitar upplýsingar eftir 1. mars 2023 vinsamlega lesið leiðbeiningar um reit 47:**

3. Hvort sem umbúðir eru utan um vöru eða eru fluttar inn einar og sér. Gjaldstofn úrvinnslugjalds á pappa/pappírs- og plastumbúðir. Í hverri vörulínu verður að gefa upp 2 gjaldstofnslykla; 1 fyrir pappa/pappírsumbúðir og 1 fyrir plastumbúðir. Nánar tiltekið verður fyrir hvora umbúðagerð að gefa upp:
 - Pappa/pappírsumbúðir: PP1 ef raunþyngd, staðfest þyngd. PP2 ef áætluð þyngd skv. reiknireglu. PPX ef þyngd er 0 kg (< 0,01 kg), skv. yfirlýsingu þess sem fyllir út aðflutningsskýrslu.
 - Plastumbúðir: PL1 ef raunþyngd, staðfest þyngd. PL2 ef áætluð þyngd skv. reiknireglu. PLX ef þyngd er 0 kg (< 0,01 kg) skv. yfirlýsingu þess sem fyllir út aðflutningsskýrslu.

Þegar þyngd umbúða er áætluð skal nota hlutfallstöflu til að reikna út þyngd umbúða sem hlutfall (%) af nettóvigt vörunnar í vörulínu tollskrárnúmers í skýrslunni.
4. **Styrkleikaprósenta áfengis með 2 aukastöfum** í tollskrárnúmerinu. Hluti af gjaldstofni áfengisgjalds.
5. **Magn vöru í lítrum talið með 2 aukastöfum** er. Gjaldstofn gjalda í sumum tilfellum og/eða upplýsingar fyrir Hagstofu Íslands. Í dæminu hér að ofan er frávik frá notkun lítrasvæðis; þar er rituð nettóþyngd rafgeyma (nett-nettvigt) í turnkrananum í tollskrárnúmeri 8426.0000.
6. **Þungi rafgeyma/rafhlaða í tæki** skráð með 3 aukastöfum, Gjaldstofn fyrir skilagjald.

Dæmi um útfærslu mismunandi kaupskilmála á tollskýrslu SAD

Vöruverðið samkvæmt reikningi er alltaf notað.

Reikningur exworks Hamborg	tollfl. 1	100	Reitur 42
	tollfl. 2	200	Reitur 42
	tollfl. 3	300	Reitur 42
	tollfl. 4	400	Reitur 42
	EUR	<u>1000</u>	Reitur 22
	(AK EUR 100)	Kostn.	<u>100</u>
	Samtals EUR	<u>1100</u>	
Annar kostnaður:			
Flutningsgjald FG ISK 10.000			Reitur 12
Eftirkrafa AK ISK 2.500			Reitur 12
Vátrygging V1 1.5% (eða upphæð)			Reitur 12
<hr/>			
Reikningur CFR Reykjavík	tollfl. 1	100	Reitur 42
	tollfl. 2	200	Reitur 42
	tollfl. 3	300	Reitur 42
	tollfl. 4	400	Reitur 42
	EUR	<u>1000</u>	Reitur 22
	(FG EUR 100)	Flutningur	<u>100</u>
	Samtals EUR	<u>1100</u>	
Annar kostnaður:			
Annar kostnaður AK ISK 0			Reit 12
Vátrygging V1 1% (eða upphæð)			Reit 12
<hr/>			
Reikningur CIF Reykjavík	tollfl. 1	100	Reitur 42
	tollfl. 2	200	Reitur 42
	tollfl. 3	300	Reitur 42
	tollfl. 4	400	Reitur 42
	Samtals EUR	<u>1000</u>	Reitur 22
	Kostnaður í reit 12 FG ISK 0, AK ISK 0, V1 ISK 0		
<hr/>			
Reikningur CIF Reykjavík	tollfl. 1	90	Reitur 42
	tollfl. 2	180	Reitur 42
	tollfl. 3	270	Reitur 42
	tollfl. 4	360	Reitur 42
	EUR	<u>900</u>	Reitur 22
	(FG EUR 90)	Flutningur	90
(V2 EUR 10)	Vátrygging	10	Reitur12
	Samtals EUR	<u>1000</u>	
Annar kostnaður AK ISK 0			Reitur 12

LEIÐBEININGAR UM NOTKUN E 2 INNFLUTNINGSSKÝRSLU VEGNA VARA SEM NJÓTA SÉRSTAKRA TOLLFRÍÐINDA VIÐ INNFLUTNING

Nota má eyðublað E-2.1 til einfaldaðrar innflutningsskýrslugerðar vegna tollmeðferðar á vörum sem fluttar eru til landsins og undanþegnar eru öllum opinberum gjöldum við innflutning og fjallað er um í 47. gr. reglugerðar nr. 1100/2006 um vörslu og tollmeðferð vöru, sbr. 4., 6. og 7. gr. tollalaga nr. 88/2005.

Heimild þessi er þó bundin við þær tollfríðindavörur sem gerð er grein fyrir í fylgiskjali I með þessum leiðbeiningum og tollflokka ber eins og þar er lýst. Um nánari skilyrði og fyrirmæli um undanþágu frá greiðslu aðflutningsgjalda af nefndum vörum vísast m.a. til reglugerðar nr. 630/2008, um ýmis tollfríðindi, sbr. reglugerð nr. 634/2008 um breytingu á henni.

Ef í sömu vörusendingu eru vörur sem flokkast geta undir tvö eða fleiri tollnúmer í fylgiskjali I skal tilgreina öll tollnúmerin.

Ef í vörusendingunni eru tollskyldar vörur eða skráningarskyld ökutæki skal nota almenna innflutningsskýrslu. Heimilt er þó að nota eyðublað 2.1 til einfaldari innflutningsskýrslugerðar fyrir tollfrjálsar sendingar sem innihalda vörur með innflutningstakmarkanir enda liggja þá fyrir leyfi viðkomandi stofnunar.

Þeim, sem leyfi hafa til SMT-tollafgreiðslu, er heimilt að senda upplýsingar í einfölduðum innflutningsskýrslum með rafrænum hætti.

Við tollafgreiðslu skulu liggja fyrir, auk innflutningsskýrslu, farmbréf og önnur skjöl eða gögn sem um ræðir í fylgiskjali I varðandi einstök tollnúmer eða kveðið er á um í lögum eða reglum settum samkvæmt þeim.

Þegar einfaldaðri innflutningsskýrslu er skilað á eyðublaði E-2.1 skal fylla út eftirfarandi reiti skýrslunnar og veita þær lágmarksupplýsingar sem þar eru tilgreindar:

Útfylling reita eyðublaðs E-2.1 einfaldaðrar innflutningsskýrslu.

Reitir 1 – 30 og 48 -54 gilda um alla sendinguna en reitir 31- 47 gilda aðeins um vöruliðinn (eitt vörunúmer, tollskrárnúmer)

Reitur 1 Skýrsla

1. hluti: Skráið **EU** vegna innflutnings vöru með upprunarétt í EFTA-eða ESB landi eða hefur hlotið tollafgreiðslu inn á svæðið. (Landa lykill: AT, BE, BG, HR, CY, CZ, DK, EE, FI, FR, DE, GR, HU, IE, IT, LV, LT, LU, MT, NL, PL, PT, RO, SK, SI, ES, SE, GB, NO, CH, LI. Sjá <https://skatturinn.is/lond/>
Skráið **IM** við innflutning frá landi sem ekki er EFTA, ESB eða EES land (þriðja lands umflutningur).
2. hluti: Skráið inn afgreiðslumáta sendingar í samræmi við eftirfarandi lykil:
EE – einfaldari innflutningsskýrslur sem njóta tollfrelsis
3. hluti: Færið hér inn númer afgreiðslu innflutningsskýrslunnar.

Reitur 2 Sendandi/útflytjandi

Skráið nafn og heimilisfang seljanda/sendanda. Ef sendingin nær yfir fleiri seljendur eða sendendur skal skrá þann sem tengist mestu verðmæti og skrá orðið fleiri. Ef sendandi er viðtakandi, t.d. vegna búslóðar, er sama nafn skráð hér og í reit 8.

Reitur 3 Eyðublað

Ef sendingin nær aðeins yfir eitt tollskrárnúmer þarf ekki að fylla út reitinn. Í því tilviki er talan 1 sett í reit 5. Ef sendingin nær yfir fleiri tollskrárnúmer er skráð númer hvers eyðublaðs þannig: Ef notað er t.d. eitt eyðublað og tvö framhaldsblöð, setjið þá 1 í fremri hluta og 3 í aftari á E – 2.1 , 2 í fremri og 3 í aftari hluta á fyrsta E – 2.2 3 í fremri og 3 í aftari hluta á annað framhaldsblaðið.

Reitur 4

Ekki notaður

Reitur 5 Vöruliðir

Færið hér inn heildarfjölda tollskrárnúmera sem vörusendingin flokkast undir og gerð er grein fyrir á eyðublaðinu og tilheyrandi framhaldsblöðum. Fjöldi tollskrárnúmera á að stemma við heildatölu vörulýsingarreita sem fylla á út (heildar tölu reita 31 sem eru á aðal- og framhaldsskýrslu). Sjá aftast lista með tollskrárnúmerum vegna einfaldari innflutningsskýrslna.

Reitur 6 Stykkjatala

Færið inn fjölda umbúðaeininga (colli) í viðkomandi sendingu sem skýrslan nær yfir. Ef varan er án umbúða er stykkjatala notuð. Ef „Bulk“ vara í reit 31 og reiknast hún sem 1 umbúðaeining.

Reitur 7 Tilvísunarnúmer

Reit þennan skulu bókhaldskyld fyrirtæki, t.d. tollmiðlarar og SMT leyfishafar nota fyrir tilvísunarnúmer, t.d. í bókhaldi sínu, þannig að finna megi viðkomandi innflutningsskýrslu og fylgiskjöl sem innflytjandi/skýrslugjafi á að varðveita. Númerið skal vera einkvæmt og auðkennt árinu með síðasta tölustaf ársins færðan aftast í númerið. Ekki þarf að tilgreina tilvísunarnúmer ef um er að ræða skýrslugjöf einstaklinga sem eru ekki bókhaldskyldir t. d. vegna búslóðar.

Reitur 8 Viðtakandi/Innflytjandi

Færið inn kennitölu, nafn og heimilisfang viðtakanda eða eiganda varanna (skýrslugjafa) sbr. reikning og farmbréf. Einnig netfang og símanúmer ef fyrir hendi. Ef innflytjandi/eigandi hefur ekki kt. er skráð 000000-0000 að viðbættum ofangreindum upplýsingum ef fyrir hendi.

Reitir 9, 10, 11, 12

Ekki notaðir

Reitur 13

Færið inn heildar brúttópunga sendingar samkvæmt farmbréfi í kg

Reitur 14 Skýrslugjafi/umboðsaðili

Ef skýrsla er gerð af t.d. tollmiðlara er fært inn nafn, kennitala, símanúmer og heimilisfang. Sé skýrslugjafi og viðtakandi einn og sami aðilinn skal reiturinn vera auður nema það sé tollmiðlari þá er nafnið skráð í báða reiti.

Reitur 15

Ekki notaður

Reitur 15c Lykill sendingarlands/útflutningslands

Færið inn lykil viðkomandi lands í fremri hluta reitsins. Með sendingarlandi er átt við landið þaðan sem vörurnar eru sendar til Íslands. (Umskipun á leiðinni breytir ekki viðskiptasambandi). Sjá vef Skattsins: <https://skatturinn.is/lond/>

Reitir 16, 17

Ekki notaðir

Reitur 18 Auðkenni og þjóðerni flutningsfars við komu. (Sendingarnúmer).

Í þennan reit skal setja sendingarnúmer farmflytjanda. Um er að ræða sendingarnúmer sem farmflytjandi gefur sendingu og fram kemur á flutningsgjaldsreikningi eða tilkynningu farmflytjanda. Sendingarnúmerið er 19 stafa tala sbr. eftirfarandi lýsingu:

A-BBB-CCCC-D-EE-FFF-GGGG-H

- A **Farmflytjandi.** Hvert skipafélag eða flugfélag hefur ákveðið tákn. Smærri farmflytjendur (t.d. fiskiskip) eru nokkrir saman um tákn.
- BBB **Flutningsfar.** Skammstöfun fyrir flutningsfar.
- CCCC **Komudagur.** Fyrstu tveir bókstafirnir standa fyrir viðkomandi dag í mánuði en tveir síðustu fyrir mánuðinn.
- D **Ár.** Síðasti stafur ártals.
- EE **Hleðsluland.** Lykill hlutaðeigandi lands.
- FFF **Hleðslustaður.** Lykil hlutaðeigandi hleðslustaðar.
- GGGG **Númer sendingar** (farmskrárnúmer vegna skipsfarms en innfærslunúmer í innfærslubók flugfélaga). Töluröð innan hleðslustaðar fyrir hverja ferð.
- H **Vartala til prófunar, færast ekki inn á skýrslu.**

Sendingarnúmer póstsendinga er líka 19 stafa númer eins og almenna sendingarnúmerið en þau hefjast alltaf á P 150 í stað nafn fars og farmflytjanda. Sendingarnúmer ásamt viðtökunúmeri er á tilkynningu Íslandspósts.

ATH. Viðtökunúmer póstsendinga færast í reit 21.

Reitur 19 Gámur

Á aðeins við flutninga með skipi. Veitið hér upplýsingar um hvort varan sé flutt í gámi eða ekki með því að tilgreina eftirfarandi lykla:

Lykill 0: vara sem ekki er flutt í gámi.

Lykill 1: vara sem er flutt í gámi.

Reitur 20

Færið inn í fremsta hluta reitsins lykil fyrir viðkomandi afhendingarskilmála (Incoterms 2010 Alþjóða Verslunarráðsins). Í miðhluta skal tilgreina frá eða til hvaða staðar skilmálarnir gilda. Aftari hluti er ekki fylltur út.

<i>Afhendingarskilmálar:</i>	<i>lykill:</i>
Vara afhent frá verksmiðju	EXW EX Works
Frítt til farmflytjenda	FCA FREE CARRIER
Varan afhent frítt að skipshlið	FAS FREE ALONGSIDE SHIP
Varan afhent frítt um borð	FOB FREE ON BOARD
Kostnaður og flutningsgjald greitt	CFR COST AND FREIGHT
Kostnaður, váttrygging og flutngj. greitt	CIF COST , INSURANCE AND FREIGHT
Flutningur greiddur	CPT CARRIAGE PAID TO
Flutningur og váttrygging greidd	CIP CARRIAGE, INSURANCE PAID TO
Afhending til staðar	DAP DELIVERED AT PLACE
Afhent á flutningsmiðstöð	DAT DELIVERED AT TERMINAL
Afhent og aðflutningsgjöld greidd	DDP DELIVERED DUTY PAID

Auk ofangreindra lykla skal nota í neðangreindum tilvikum eftirfarandi lykla (sem eru ákveðnir af Skattinum) í aftari hluta er tilgreint t.d. Reykjavík:

Tollfrjáls innflutningur sendiráða	DIP
Vörur sem eru endurinnfluttar	END
Eigin vara innflytjanda	EVA
Vara send án kröfu um greiðslu	FOC
Vara send að gjöf	GJF

Dæmi um útfyllingu:

- Viðtakandi á að greiða allan kostnað sem leggst á vöru frá því að hún er afhent frá verksmiðju. Í þessu tilviki skal tilgreina í fremri hluta reitsins lykilinn EXW (ex works), en í miðhlutanum afhendingarstaðinn.
- Sendandi greiðir allan flutningskostnað og tryggingu til ákvörðunarstaðarins. Í þessu tilviki skal færa inn CIF í fremri hlutann en ákvörðunarstaðinn í miðhlutann.
- Sendandi greiðir flutningskostnað þar til vörurnar eru komnar um borð í skip. Í þessu tilviki skal færa inn í fremri reitinn FOB, en í miðhlutann staðinn þar sem vörunum er skipað um borð í flutningsfar.

Sjá vef Skattsins: <https://skatturinn.is/afhendingarskilmalar/>

Reitur 21 Auðkenni og þjóðerni virks flutningsfars við flutning yfir landamæri

Færið inn í fremri hluta reitsins **farmskrárnúmer** sem farmflytjandi hefur gefið viðkomandi sendingu á farmbréfi (4 stafir) eða flugfylgibréfi (airway bill- 11 stafir).

Ef um póstsendingu er að ræða skal skrá **viðtökunúmer** sem kemur fram í komutilkynningu pósthúss. Ef um fleiri viðtökunúmer er að ræða skal skrá þau fylgiskjal sem fylgir skýrslu og skrá í reitinn „sjá fylgiskjal“.

Reitir 22, 23

Ekki notaðir

Reitur 24 Tegund viðskipta

Veitið hér upplýsingar um tegund viðskipta í samræmi við neðangreinda skrá. Lykillinn skal færður í fremsta hluta reitsins (aðrir hlutar ekki notaðir):

	<i>Lykill:</i>
- Innflutningur á vöru gegn greiðslu.....	1
- Endursend vara frá útlöndum.....	2
- Innflutningur á vöru án greiðslu fyrir vöruna, t.d. tímabundinn innflutningur (m.a. vegna sýninga, til kynninga, lán, í vísindaskyni), vara án greiðslu innflutt í stað annarrar, vara endurinnflutt eftir tímabundinn útflutning	3
- Innflutningur á vöru til aðvinnslu samkvæmt samningi (innflytjandi eignast / kaupir ekki vöruna).....	4
- Innflutningur á vöru eftir aðvinnslu erlendis samkvæmt samningi (innflytjandi á vöruna fyrir).....	5
- Ef flutt er inn <u>til aðvinnslu</u> og innflytjandi eignast/kaupir vöruna.....	1
- Ef flutt er inn <u>eftir aðvinnslu</u> og innflytjandi á ekki vöruna fyrir og kaupir hana skal nota lykil.....	1
- Annað.....	0

Reitur 25 Flutningsmáti yfir landamæri

Færið inn í fremri hluta reitsins, samkvæmt eftirfarandi lyklum í B hluta hér að neðan, flutningsmáta miðað við flutningsfarið sem flutti vöruna til landsins(samanber tilgreint far í reit 21):

A.	B.	Nánari merking
1	10	Flutningar á sjó.
	11	Fiskiskip með eigin afla
	13	Ökutæki á vegum, flutt á skipi
	16	Vélknúið ökutæki flutt með skipi.
	17	Tengivagn eða aftanívagn flutt með skipi.
3	30	Ökutæki flutningur eftir vegum. (Ekki notað á Íslandi)
4	40	Loftflutningar.
5	50	Póstflutningar
7	70	Fastar flutningaleiðir, leiðslur/pípur. (Ekki notað á Íslandi)
8	80	Flutt á ám og vötnum. (Ekki notað á Íslandi)
9	90	Fyrir eigin afli.

Reitir 26, 27, 28, 29

Ekki notaðir

Reitur 30 Geymslustaður vöru

Hér skal tilgreina númer vörugeymslu (lykil) sem Skatturinn hefur úthlutað vörsluhafa vöru og þar sem hin ótollafgreidda vara er geymd og Skatturinn getur framkvæmt vöruskoðun eða gengið að henni vegna tolleftirlits. Um er að ræða 3 stafa lykil. Upplýsingar um geymslustað vöru er að finna á farmbréfi/tilkynningu farmflytjanda.

Reitur 31 Stykki og vörulýsing – merki og númer – gámanúmer – tala og tegund

Færið hér eftirfarandi í sömu röð og haldið aðgreindu vegna viðkomandi vöruliðs:

1. Vörulýsing. Hér skal gefa upp almenna vörulýsingu sem svo skýrt er fram sett að vöruna megi þekkja og flokka.
2. Merki á vörum. Gefa skal upp hvernig umbúðir vörunnar eru merktar. Ekki þarf að gefa upp merkingu ef varan er í lausu eða án umbúða. Má sleppa að skrá.
3. Ef varan er flutt í gámi þarf að gefa upp gámanúmer. Má sleppa að skrá.
4. Fjöldi stykkja (eininga). Ef varan er í lausu (bulk) er skráð 1 í stykkjatölu og sama vegna reits 6. . Má sleppa að skrá.
5. Tegund umbúða. Tegund umbúða er tilgreind samkvæmt lykllum sjá;

<https://skatturinn.is/umbudir> Má sleppa að skrá.

Ef eitt eða fleiri stykki(coll) með sömu umbúðir og vörumerkingu innihalda vörur sem falla undir fleiri en einn vörulið (tollskrárnúmer) má gefa upp heildarfjölda á fyrsta tollskrárnúmersreit en t.d. 0 á næsta þannig að heildar stykkjatalan stemmi. . Má sleppa að skrá.

Reitur 32 vöruliður

Hér skal tilgreina númer vöruliðar (tollskrárnúmers) í óslitinni röð númera í samræmi við leiðbeiningar um reit 5. Þegar sending tekur aðeins til eins vöruliðar (tollskrárnúmers) á ekki að fylla reitinn út. Í því tilviki á að setja töluna 1 í reit 5.

Reitur 33 Vörunúmer (Tollskrárnúmer)

Tilgreinið tollskrárnúmerið sem varan flokkast undir samkvæmt fylgiskjali I. Í fyrsta hluta reitsins fyrir framan lóðréttu brotalínuna á að rita **sex** fyrstu tölustafi tollskrárnúmersins, í seinni hluta reitsins á að rita sjöunda og áttunda tölustaf tollskrárnúmersins.

Reitur 34a Lykill upprunals

Ekki notað, b einnig ekki notað

Reitur 35 Þyngd brúttó (kg)

Færið inn í brúttóþyngd vörunnar sem tilgreindar eru í reit 31. Brúttóþyngd í þessu sambandi er heildarþyngd vörunnar með öllum umbúðum sínum að frátöldum gámum og

öðrum flutningsbúnaði. Heimilt er að nota 3 aukastafi. Samtala þunga í reit 35 skal stemma við heildarþunga í reit 13.

Reitir 36, 37, 38, 39

Ekki notaðir

Reitur 40 Heildarskýrsla/Fyrri skjal

Hér er vísað í fyrri tollmeðferð vörunnar með tilvísun í sendingarnúmer fyrri tollafgreiðslu, t.d . vöru sem er að koma aftur til landsins eftir útflutning, annars sleppt að fylla út.

Reitir 41, 42, 43

Ekki notaðir

Reitur 44 Viðbótarupplýsingar/framlögð skjöl/vottorð og leyfi

Hér skal skrá fastanúmer ökutækis ef um endurinnflutt íslenskt ökutæki er að ræða eða skráningarnúmer ökutækis ef um ökutæki á erlendum skráningarnúmerum er að ræða.

Leyfi o.fl. sem gæti þurft vegna innflutnings á vörum er skráð hér, t.d.vegna matvælafrá þriðju löndum, vopnum, veiðivörum o.fl. Um er að ræða þriggja stafa lykil og síðan dagsetning leyfis eða sjö stafa númer sem eftirlitsstofnun úthlutar.

Nr. ATA skírteinis er skráð hér ef það tengist afgreiðslunni. Yfirlýsingar og önnur staðfestingargögn sem styðja undanþáguheimild.

Reitir 45, 46, 47, 48, 49, 50, 51, 52, 53

Ekki notaðir

Reitur 54 Staður og dagsetning, undirskrift og nafn skýrslugjafa/ umboðsaðila

Skýrslan skal undirrituð af eiganda varanna (eiganda fyrirtækis eða prókúruhafa) eða starfsmanni sem hefur sérstaka heimild til að gefa skýrslu fyrir hönd eiganda. Fyrir neðan undirskrift skal prenta eða vélrita nafn og kennitölu þess sem undirritar skýrsluna. Sama gildir um starfsmenn umboðsaðila (þ,m.t. tollmiðlara)

Sá sem skrifar undir skýrslu ábyrgist að upplýsingar sem gefnar eru í skýrslunni séu réttar með tilliti til vörusendingarinnar og þeirra skjala eða gagna sem lögð eru fram eða aðgangur er veittur að og gætt hafi verið fyrir mæla laga og annarra reglna sem gilda um umflutninginn.

Fylgiskjal I - Einfölduð innflutningsskýrsla E-2.3-6

Sérstök tollnúmer fyrir tollfrjálsar sendingar

Þegar óskað er eftir tollafgreiðslu vörusendingar með einfaldaðri tollskýrslu, skal tilgreina í reit 33 á eyðublaði E-2.3 fyrsta númerið, sbr. þau tollnúmer sem tilgreind eru hér á eftir, en önnur númer á framhaldseyðublaði E-2.4, enda svari varan til vörulýsingar viðkomandi tollnúmers og uppfylli 47. gr. reglugerðar nr. 1100/2006 um vörslu og tollmeðferð vöru, sbr. 4., 6. og 7. gr. tollalaga nr. 88/2005 um tollfrjálsar sendingar samkvæmt sérstökum undanþáguákvæðum.

9802 Búslóð og farangur:

9802.1000 Búslóð manna sem flytjast búferlum hingað til lands, enda hafi viðkomandi haft fasta búsetu erlendis í a.m.k. eitt ár áður en hann fluttist til landsins, sbr. 4. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga og 14. til 16. gr. reglugerðar nr. 630/2008.

Takmörkun: Vélknúin ökutæki, svo sem bifreiðar, bifhjól, beltabifhjól, vélbátar, flugvélar og farartæki eins og seglbátar, svifflugur, svifdrekar o.þ.h. teljast ekki til búslóðar (sjá tollnúmer 9803.4000).

Staðfestingargögn: Auk farmbréfs/flutningsgjalds-reiknings skal fylgja yfirlýsing vegna innflutnings á búslóð og vöruheikningur/ar yfir heimilismuni sem viðkomandi hefur átt í skemmri tíma en eitt ár. Skráð í reit 44.

9802.2000 Venjulegur farangur ferðamanna sem orðið hefur viðskila við ferðamann svo og fatnaður og aðrar ferðanauðsynjar manna sem látist hafa erlendis, sbr. a-lið 2. tl. og 3. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga, d-lið 47. gr. reglugerðar nr. 1100/2006. Sjá einnig 37. gr. reglugerðar nr. 630/2008.

Staðfestingargögn: Farangursyfirlýsing skal fylgja. Skráð í reit 44.

9803 Endursendar umbúðir og vörur:

9803.1000 Endursendar tómar umbúðir (gámar o.þ.h.), enda eru færðar fullnægjandi sönnur fyrir því að um sé að ræða umbúðir utan af vörum útfluttum héðan, sbr. 7. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga og 54. gr. reglugerðar nr. 630/2008.

9803.2000 Vörur sem endursendar eru hingað frá útlöndum, vegna þess að þær seldust ekki þar eða endursendar eru hingað frá útlöndum af öðrum orsökum og færðar eru fullnægjandi sönnur fyrir því að um sé að ræða vörur útfluttar héðan, sbr. 6. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga og 54. gr. reglugerðar nr. 630/2008.

Staðfesting: Tilgreina skal í reit 40 í innflutningsskýrslu sendingarnúmer sem tilgreint var í útflutningsskýrslu við útflutning vörunnar.

- 9803.3000** Endursendar vörur sem voru ranglega lestaðar og fluttar til landsins, sbr. 6. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga og 54. gr. reglugerðar nr. 630/2008.
- Staðfesting:** Tilgreina skal í reit 40 í innflutningsskýrslu sendingarnúmer sem tilgreint verður í útflutningstollskýrslu við útflutning þeirra.
- 9803.4000** Bifreiðar á íslenskum skrásetningarnúmerum sem viðkomandi hefur tekið með sér úr landi og er að flytja aftur til landsins, sbr. 6. tl. 6. gr. tollalaga og 54. gr. reglugerðar nr. 630/2008.
- Staðfesting:** Færa skal í reit 44 orðið „Ökutæki“ og skráningarnúmer ökutækisins.
- Staðfestingargögn:** Ef farangur er í bifreiðinni þarf að fylla út farangursyfirlýsingu og nota jafnframt tollskrárnúmer 9802.2000 vegna þess hluta sendingarinnar.
- Skilyrði:** Við tollafgreiðslu skal liggja fyrir skráningarskírteini ökutækis.
- 9803.5000** Vörur á íslensku ATA carnet skírteini, sem eru að koma aftur til landsins.
- Staðfesting:** Tilgreina skal í reit 44 í innflutningsskýrslu nr. ATA skírteinis.
- 9803.6000** Vörur á erlendum ATA carnet skírteinum sem verið er að flytja úr landi eftir tímabundinn innflutning
- Staðfestingargögn:** Tilgreina skal nr. ATA skírteinis í reit 29 í tollskýrslu, skatturinn þarf að vera búin að staðfesta útflutning í skírteini og varan komin á útflutningsfarmskrá og vara tollafgreidd í útflutningi.
- 9803.7000** Dýraafurðir sem endursendar eru hingað frá útlöndum, vegna þess að þær seldust ekki þar eða endursendar eru hingað frá útlöndum af öðrum orsökum og færðar séu fullnægjandi sönnur fyrir því að um sé að ræða vörur útfluttar héðan, sbr. 6. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga og 54. gr. reglugerðar nr. 630/2008. Endurinnflutningur á dýraafurðum sem voru flutt út fyrir EES-svæðið er háður leyfi Matvælastofnunar
- Staðfestingargögn:** Tilgreina skal í reit 29 í tollskýrslu eða reit 31 í SAD skýrslu sendingarnúmer sem tilgreint var í útflutningstollskýrslu við útflutning þeirra.
- 9804 Gjafir:**
- 9804.1000** Gjafir sem aðilar búsettir erlendis senda hingað til lands eða hafa með sér frá útlöndum af sérstöku tilefni, þó ekki í atvinnuskyni, enda sé verðmæti gjafarinnar ekki meira en 13.500 kr., sbr. a lið 8. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga og sbr. 32. gr. reglugerðar nr. 630/2008
- Staðfestingargögn:** Vörureikningur eða önnur gögn liggja fyrir til staðfestingar að um gjöf sé að ræða og að verðmæti hennar sé 13.500 kr. eða minna.
- 9804.2000** Brúðkaupsgjafir, enda sé um eðlilega og hæfilega gjöf að ræða að mati Skattsins, sbr. og 32. gr. reglugerðar nr. 630/2008
- Staðfestingargögn:** Sýnt sé fram á að um brúðargjöf sé að ræða og þess getið í reit 44.
- 9804.3000** Gjafir til mannúðar- og líknarstarfsemi, enda sé um að ræða vöru sem nýtt er beint til viðkomandi starfsemi, svo og gjafir sem sendar eru hingað frá útlöndum og góðgerðarstofnanir eða aðrir slíkir aðilar eiga að annast dreifingu á til bágstaddra, sbr. b-lið 8. tl. 1. mgr. 6. gr.

tollalaga og 33. gr. reglugerðar nr. 630/2008

Staðfestingargögn: Gjafabréf og staðfesting gjafþega um að hann veiti gjöfinni viðtöku tilgreint í reit 44.

9804.4000 Gjafir sem ríki, sveitarfélögum eða stofnunum á vegum hins opinbera eru gefnar erlendis frá í vináttuskyni eða á grundvelli menningartengsla við erlend ríki, sbr. c-lið 8. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga og 34. gr. reglugerðar nr. 630/2008

Staðfestingargögn: Gjafabréf og staðfesting gjafþega um að hann veiti gjöfinni viðtöku tilgreint í reit 44.

9805 Notaðir munir sem hafa fallið í arf:

9805.0000 Notaðir munir sem hafa fallið í arf erlendis, þó ekki ökutæki eða önnur vélknúin farartæki, sbr. 10. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga og 36. gr. reglugerðar nr. 630/2008

Skilyrði: Arfþegi geti sýnt með fullnægjandi hætti fram á að honum hafi tæmst arfur erlendis, t.d. með framlagningu vottorðs skiptaráðanda.

Staðfestingargögn: Vottorð um arf skráð í reit 44.

9806 Vörur vegna markaðssetningar og vörupróunar:

9806.1000 Sýnishorn verslunarvara og auglýsingaefnis, enda sé verðmæti sendingar óverulegt, svo og sýnishorn verslunarvara sem gerð hafa verið ónothæf sem almenn verslunarvara, sbr. a-lið 11. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga nr. 88/2005 og 41. gr. reglugerðar nr. 630/2008.

9806.2000 Hugbúnaðargögn sem send eru án endurgjalds og ætluð eru til þróunar eða hönnunar hugbúnaðar, prófunar, leiðréttingar eða uppfærslu eða eru eingöngu nothæf til kynningar, sbr. b-lið 11. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga og 41. gr. reglugerðar nr. 630/2008.

9806.3000 Verðlaus bréf, bæklingar og prentuð gögn sem ekki hafa neitt viðskiptalegt gildi og ekki eru fallin til endurdreifingar, sbr. c-lið 11. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga og 41. gr. reglugerðar nr. 630/2008.

9807 Heiðursmerki veitt af erlendum ríkjum

9807.0000 Heiðursmerki veitt af erlendum ríkjum, svo og verðlaun fyrir íþrótttaafrek og önnur afrek sem unnin eru erlendis, sbr. 5. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga og 38. gr. reglugerðar nr. 630/2008.

9808 Vörur á farmskrá undanþegnar gjöldum

9808.0000 Vörur á farmskrá sem koma ekki með flutningsfari en aðflutningsgjöld hafa verið greidd af.
Fyrir liggja afhendingarheimild Skattsins á vörusendingu sem ekki barst til landsins en tollafgreidd var samkvæmt tilteknum sendingarnúmeri.

Staðfestingargögn: Færa skal þetta sendingarnúmer í reit 44.

9809 Vörur til sendiráða, sendiræðismannsskrifstofa

9809.0000 Vörur til sendiráða, sendiræðismannsskrifstofa, sendi-erindreka og sendiræðismanna erlendra ríkja eins og kveðið er á um í Vínarsamningnum um stjórn málasamband, sbr. 1. tl. 1. mgr. 4. gr. tollalaga nr. 88/2005 og lög nr. 16/1971, um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stjórn málasamband og 40. gr. reglugerðar nr. 630/2008.

Skilyrði: Ef um almenna verslunarvöru er að ræða þarf að liggja fyrir staðfesting sendiráðs eða sendiræðismannsskrifstofu á að varan sé ætluð viðkomandi sendiráði, sendiræðismannsskrifstofu, sendierindreka eða sendiræðismanni. Ef í sendingu er áfengi eða tóbak skal liggja fyrir staðfesting utanríkisráðuneytisins.

Staðfestingargögn: Staðfesting frá utanríkisráðuneytinu skráð í reit 44

9810 Vörur til kjörræðismanna erlendra ríkja

9810.0000 Vörur til kjörræðismanna erlendra ríkja að því er varðar tiltekna skrifstofuvörur eins og kveðið er á um í Vínarsamningi um ræðissamband, sbr. 2. tl. 4. gr. tollalaga nr. 88/2005 og lög nr. 4/1978, um aðild Íslands að alþjóðasamningi um ræðissamband og 2. mgr. 40. gr. reglugerðar nr. 630/2008.

9811 Vörur til kjörræðismanna erlendra ríkja

9811.0000 Póstpokar o.þ.h. með póstsendingum í, sem aðilar með leyfi til pósthlutninga samkvæmt lögum nr. 19/2002 um pósthjónustu fá sendar.

9814 Kistur og duftker með jarðneskum leifum

9814.0000 Kistur og duftker með jarðneskum leifum manna sem látist hafa erlendis.

9815 Vörur sem koma til landsins í umflutningi, sbr. c. lið. 1. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga nr. 88/2005 og VI. kafla reglugerðar nr. 1100/2006 um vörslu og tollmeðferð vöru:

9815.1000 Almennar vörur í umflutningi.

9815.2000 Leyfisskyldar vörur skv. lögum nr. 58/2010 um vörur sem nota má bæði í borgaralegum og hernaðarlegum tilgangi.

9815.3000 Vörur sem innihalda dýraafurðir upprunnar innan EES svæðisins.

9815.4000 Vörur sem innihalda dýrafurðir upprunnar utan EES svæðisins.

Staðfestingargögn: Tilgreina skal í reit 44 í innflutningsskýrslu sendingarnúmer sem tilgreint er í farmskrá útflutningsfarsins.

9815.5000 Innlendar vörur sem settar eru tímabundið í land í Færeyjum vegna siglingaáætlunar og koma svo aftur til Íslands

Staðfesting: Tilgreina skal í reit 29 í tollskýrslu sendingarnúmer sem tilgreint er í farmskrá útflutnings- farsins.

9815.6000 Vörur sem fluttar eru um borð í erlent herskip eða herflugvél sem uppfyllir skilyrði 68 gr. tollalaga nr 88/2005

9816 Ökutæki á erlendum skráningarnúmerum, sem uppfylla skilyrði 18. gr. reglugerðar nr. 630/2008 og varahlutir í þær skv. 22 gr. reglugerðar 630/2008:

9816.1000 Ökutæki á erlendum skráningarnúmerum.

Staðfestingargögn: Ef farangur er í ökutækinu þarf að fylla út farangursyfirlýsingu og nota jafnframt tollskrárnúmer 9802.2000.

9816.2000 Varahlutir í ökutæki í 9816.1000.

Staðfestingargögn: Tilvísun í akstursheimild skráð í reit 44.

9816.3000 Hópbifreið á erlendum skráningarnúmerum til nota fyrir Tilttekinn hóp erlendra ferðamanna, enda verður hún flutt úr landi á ný við brottför viðkomandi ferðamannahóps skv. 20. gr. reglugerðar 630/2008

Skilyrði: Skrá skal skráningarnúmer ökutækis í reit 29 á aðflutningsskýrslu.

9816.4000 Eftirvagnar skráðir erlendis sem notaðir eru til flutnings vara til og frá landinu skv. 21. gr. reglugerðar 630/2008

9817 Flugvélahlutir

9817.0000 Flugvélahlutir0

Skilyrði: Um sé að ræða hluti í umflutningi í flugvélar með erlenda skráningu sem hafa viðdvöl hér á landi sbr. c lið 1. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga nr. 88/2005 og VI. kafla reglugerðar nr. 1100/2006 um vörslu og tollmeðferð vöru. Sjá 24. gr. Chicago-samningsins frá 1944 sbr. auglýsingu nr. 45/1947.

9818 Vörur sem uppfylla skilyrði 3. tl. 1. mgr. 4. gr. tollalaga, nr. 88/2005 um tollfrelsi og fluttar eru inn tímabundið vegna veru liðsveita Atlantshafsbandalags hér á landi.

9818.1000 Ökutæki á erlendum skráningarnúmerum 0

9818.2000 Hernaðartengdar vörur á vottorði 302 0

9818.9000 Aðrar vörur 0

Skilyrði:

Eingöngu vörur sem eru fluttar til landsins tímabundið, t.d. vegna loftrýmisgæslu eða hernaðaræfinga.

9819 Vörur sem sendar eru hingað til lands tímabundið á vegum erlendra stjórnvalda, hjálparsamtaka eða björgunarsveita vegna náttúruhamfara hér á landi, neyðarástands eða mengunarslyss, sbr. b-c. lið 8. tl. 1. mgr. 6. gr., b. lið 1. tl. og 17. tl. 1. mgr. 7. gr

9819.0010 Búnaður björgunarsveita til leitar í rústum eða til að bjarga verðmætum 0

9819.0020 Matvæli og drykkir til að dreifa meðal bágstaddra 0

9819.0030 Lyf, lækningatæki og aðrar lækningavörur 0

9819.0040	Aðrar neyðarbirgðir sem dreifa á meðal bágstaddra, s.s. tjöld, svefnpokar, teppi og fatnaður	0
9819.0050	Ökutæki og önnur farartæki, þ.m.t drónar	0
9819.0060	Mengunarvarnarbúnaður	0
9819.0070	Vatnshreinsibúnaður og varaafstöðvar	0
9819.0080	Annar búnaður	0

Dæmi um notkun lykla í reit 37 vegna inn- og útflutnings

<p>Dæmi 1. Vara er flutt í tollvöruheymislu og síðan inn í landið</p> <p>Vara er flutt inn til landsins í tollvöruheymislu</p> <p>Tollmeðferð 70 00</p> <p>Vara er tekin úr tollvöruheymislu og tollafgreidd inn í landið</p> <p>Tollmeðferð 40 70</p>	
<p>Dæmi 2. Endursendingar</p> <p>Vara er flutt inn </p> <p>Tollmeðferð 40 00</p> <p>Áður útflutt vara er endursend frá útlöndum </p> <p>Tollmeðferð 60 10</p>	<p>Áður innflutt vara er endursend til útlanda</p> <p>Tollmeðferð 30 40</p> <p>Vara er flutt út úr landinu</p> <p>Tollmeðferð 10 00</p>
<p>Dæmi 3. Tímabundinn inn- og útflutningur</p> <p>Vara send til Íslands vegna tímabundinna nota innanlands </p> <p>Tollmeðferð 50 00</p> <p>Vara send til Íslands eftir tímabundinn útflutning </p> <p>Tollmeðferð 66 20</p>	<p>Varan er síðan send út aftur, endurútflutt vara</p> <p>Tollmeðferð 36 50</p> <p>Vara er send til útlanda vegna tímabundinna nota erlendis</p> <p>Tollmeðferð 20 00</p>
<p>Dæmi 4. Vara til viðgerðar</p> <p>Vara send til Íslands eftir viðgerð erlendis </p> <p>Tollmeðferð 64 21</p> <p>Vara send til Íslands til viðgerðar </p> <p>Tollmeðferð 51 00</p>	<p>Vara er flutt út til viðgerðar</p> <p>Tollmeðferð 21 00</p> <p>Vara er flutt út aftur eftir viðgerð</p> <p>Tollmeðferð 34 51</p>

og	
<p>Vara er send til Íslands til aðvinnslu án þess að innflytjandi eignist hana og er ætlað að hún fari aftur úr landi</p> <p>Tollmeðferð 52 00</p>	<p>Varan er síðan send til útlanda eftir aðvinnslu</p> <p>Tollmeðferð 35 52</p> <p>Vara er send til útlanda til aðvinnslu án þess að erlendur aðili eignist hana og er ætlað að hún komi aftur til baka</p> <p>Tollmeðferð 22 00</p>
<p>Dæmi 6. Gölluð vara og önnur vara kemur í staðinn</p> <p>Vara er tollafgreidd inn í landið</p> <p>Tollmeðferð 40 00</p> <p>Vara send til Íslands án greiðslu og kemur í stað annarrar vöru, t.d. vegna galla</p> <p>Tollmeðferð 42 30</p> <p>Áður útflutt vara endursend til Íslands frá útlöndum</p> <p>Tollmeðferð 60 10</p>	<p>Áður innflutt vara endursend til útlanda, t.d. vegna ábyrgðar</p> <p>Tollmeðferð 30 40</p> <p>Útflutningur á íslenskri vöru til útlanda</p> <p>Tollmeðferð 10 00</p> <p>Útflutningur á vöru án greiðslu sem kemur í stað annarrar</p>
	<p>Tollmeðferð 12 60</p>